



Undirbúningur fyrir kjörforeldra

Fyrir og eftir ættleiðingu á erlendu barni

Thelma Rós Ólafsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Undirbúningur fyrir kjörforeldra
Fyrir og eftir ættleiðingu á erlendu barni

Thelma Rós Ólafsdóttir
Kennitala: 010486-2469

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Anni G. Haugen

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Thelma Rós Ólafsdóttir 2012

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Heimildaritgerð þessi fjallar um undirbúning fyrir þá sem óska eftir að sækja um ættleiðingu á erlendu barni og hvort að stuðningur sé til staðar fyrir kjörforeldra eftir að kjörbarnið kemur til þeirra. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar snýr að því að bera íslensku undirbúningsnámskeiðin sem í boði eru fyrir íslenska kjörforeldra saman við undirbúningsnámskeið sem eru haldin á Norðurlöndunum. Fjallað verður um ættleiðingarferlið frá því að ákvörðun um ættleiðingu á erlendu barni er tekin og hlutverk félagsráðgjafa í því ferli. Við gagnaöflun fyrir ritgerð þessa var notast við veraldarvefinn, samansafn greina og bækur er tengdust málefninu. Niðurstöður ritgerðarinnar sýndu fram á að undirbúningsnámskeiðin sem í boði eru fyrir þá sem sækja um ættleiðingu á barni erlendis frá eru sambærileg þeim námskeiðum sem haldin eru á Norðurlöndunum en aftur á móti er lítið um stuðning við kjörforeldra sem hafa fengið kjörbarnið til sín eftir að ættleiðing hefur gengið í gegn. Þá kom einnig fram að börn sem hafa verið ættleidd fá ekki markvissan stuðning og ekki heldur væntanlegir kjörforeldrar sem eru að bíða eftir barni nema í formi þess að þeir halda sambandi við aðra umsækjendur sem eru einnig að bíða eftir kjörbarni.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Að stofna til fjölskyldu	4
2.1 Fjölskyldan og ófrjósemi.....	5
3. Hugtakið ættleiðing	7
4. Ferlið við alþjóða ættleiðingar.....	9
4.1. Skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla vegna alþjóða ættleiðingar	10
5. Aðild Íslands að Haagsamningnum.....	11
5.1. Samningur Sameinuðu þjóðanna; Barnasáttmálinn	12
6. Lönd sem Íslendingar geta sótt um að ættleiða frá	13
6.1. Biðtími eftir kjörbarni frá upprunaráki	14
6.2. Kostnaður við alþjóðlegar ættleiðingar	15
7. Undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra á Íslandi	16
7.1. Kennsluefni og kennsluaðferð undirbúningsnámskeiða	17
7.2. Önnur námskeið sem umsækjendur geta sótt á vegum Íslenskrar ættleiðingar	19
8. Útfærsla undirbúningsnámskeiða á Norðurlöndunum í samanburði við Ísland	20
8.1. Danmörk.....	20
8.2. Noregur	21
8.3. Finnland.....	22
8.4. Svíþjóð.....	22
9. Stuðningur við kjörforeldra eftir að kjörbarn kemur heim.....	24
9.1. Sérstaða kjörforeldra og kjörbarna.....	24
9.2. Helstu vandamál sem kjörforeldrar glíma við hvað varðar kjörbarn þeirra	25
9.3. Hvert getur kjörfjölskyldan leitað eftir stuðningi og aðstoð	27
9.4. Tilraunaverkefni í Danmörku um stuðning við kjörforeldra	28
10. Hlutverk félagsráðgjafa.....	29
10.1. Félagsráðgjafinn og aðstoð hans við einstaklinga eða par hvað varðar ófrjósemi og ættleiðingar.	30
11. Umræða.....	32
Heimildir	35

1. Inngangur

Að stofna til fjölskyldu er draumur margra einstaklinga en það getur verið mikið áfall fyrir bæði einstakling og maka ef í ljós kemur að um ófrjósemi er að ræða. Draumur þeirra um að eignast blóðskylt barn verður að engu og sorgin sem getur fylgt í kjölfarið ristir djúpt. Það eru ekki allir undir það búnir að taka þá ákvörðun að ættleiða barn en fyrir þá sem gera svo er langt og strangt ferli framundan. Á Íslandi er hægt að sækja um að ættleiða barn á þrenna vegu; með frumættleiðingu þar sem barn er ættleitt innan heimalands, stjúpættleiðingu þar sem einstaklingur ættleiðir barn maka síns og alþjóðlega fjölskylduættleiðingu þar sem erlent barn er ættleitt.

Að ættleiða barn erlendis frá er bæði kostnaðarsamt og tilfinningaþrungið ferli fyrir þá einstaklinga sem kjósa að sækja um ættleiðingu en markmið með ættleiðingu er ætíð að finna barni fjölskyldu fremur en að fjölskyldan fái barn. Til þess að umsækjendur megi ættleiða barn þurfa þeir að sitja undirbúningsnámskeið sem haldið er af löggiltu ættleiðingarfélagi. Námskeiðið er ein af forsendum þess að umsækjendur fái forsamþykki til þess að geta ættleitt. Undirbúningsnámskeiðið er í sjálfu sér einnig stuðningur fyrir væntanlega kjörforeldra þar sem farið er í hvað veldur því að sótt var um að ættleiða, hvernig umsækjendur eru undir það búnir að ættleiða, hvernig annast skuli barnið eftir að það er komið og hvernig sameina skuli fjölskyldu og nýjan meðlim hennar. Það eru fagaðilar sem hafa reynslu af ættleiðingum sem halda námskeiðin og er mikið lagt upp úr að umsækjendur sem hafa fengið forsamþykki og eru að bíða eftir barni haldi sambandi sín á milli til þess að veita hver öðrum stuðning á meðan á biðtíma stendur sem geta verið nokkur ár.

Markmið með þessari BA ritgerð er að skoða nánar hvernig undirbúningsnámskeiðin eru sett fram og hvort að stuðningur standi einstaklingum eða þörum til boða á meðan beðið er eftir barni til ættleiðingar. Undirbúningsnámskeiðin sem haldin eru hér á landi verða borin saman við sambærileg námskeið sem haldin eru á Norðurlöndunum ásamt því að athuga hvort þar bjóðist frekari úrræði fyrir umsækjendur um ættleiðingu á erlendu barni fremur en á Íslandi.

Kveikjan að þessari ritgerð er tilkomin vegna áhuga á ættleiðingum þar sem verið er að finna barni fjölskyldu til þess að það öðlist betra líf. Áhugi var til staðar á að kanna hvernig ættleiðingarferlið gengur fyrir sig, hvaðan börnin koma og hvernig úrræði og stuðningur er til staðar fyrir þar sem er að bíða eftir barni ásamt hlutverki félagsráðgjafa í gegnum ferlið frá ófrjósemi til ættleiðingar. Þá er ekki fjallað sérstaklega um samkynhneigð eða gagnkynhneigð pör en þráin eftir að eignast barn er óháð kynhneigð og hjúskaparstöðu.

2. Að stofna til fjölskyldu

Foreldrar með börn er lýsing á hugtakinu fjölskylda sem finna má í flestum orðabókum. Skilgreining Íslenskrar orðabókar á fjölskyldu er tveir foreldrar með börn eða húsráðendur og afkomendur þeirra (Íslensk orðabók, 2002). Virðist samfélagið á eitt sammála um þá skilgreiningu þó svo að umræða hafi verið um einstæða foreldra, börn þeirra og hvort hugtakið nái ekki einnig yfir þann hóp innan samfélagsins. Þeir aðilar sem eru í barnlausu sambandi eru sjaldan flokkaðir sem fjölskylda. Þá má einnig nefna að barneignum hjá ungum konum hefur fækkað töluvert á síðustu fimm tíu árum sem leiðir til þess að meðalaldur hjá konum sem eru að eignast börn í fyrsta skiptið hefur hækkað (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006; Lovísa Arnardóttir, 2011).

Á Íslandi er viðhorf til barneigna fremur jákvætt en einstaklingar eiga það til að horfa á barneignir sem skilyrði sem uppfylla þarf til þess að öðlast gildi innan þess samfélags sem viðkomandi tilheyrir. Þá er talið að í kjölfar barneigna fylgi frekari viðurkenning frá stórfjölskyldunni, til dæmis ömmu og afa, en barnlausir eintaklingar fá. Stórfjölskyldan bregst við barneignum með stuðningi og gleði en hversu mikill sá stuðningur er fer allt eftir aðstæðum hvernar fjölskyldu fyrir sig. Þá má nefna að gerð var íslensk rannsókn sem fól í sér að rætt var við fimm ólíkar fjölskyldur um uppvaxtarskilyrði barna og kom þar fram að stuðningur uppvaxtarfjölskyldu er mjög mikilvægur þegar konur eignast börn utan hjónabands. Fjölskyldutengsl eru mjög sterk hér á landi og fjölskyldan er sú sem kennir börnum og mótar þau hvað mest á uppvaxtarárum þeirra. Þá er það fjölskyldan sem kennir yngstu meðlimum hennar venjur og gildi sem þau bera svo með sér til næstu kynslóðar (Sigrún Júlíusdóttir, 1995, 2001).

Þegar kemur að því að barnlaust par tekur ákvörðun um að stofna fjölskyldu er talað um innri og ytri þætti barneigna. Innri þættir snúa að því hvernig félagsleg viðmið, persónuleiki og sjálfsímynd hefur áhrif á ákvörðunina um að eignast barn. Í hinum Vestræna heimi í dag er viðmiðið mamma, pabbi og tvö börn en það er hin hefðbunda kjarnafjölskylda. Hugtakið kjarnafjölskylda er þó ekki góður mælikvarði á ýmsa hluti sökum þess hversu breytilegar fjölskyldur í dag eru. Til dæmis þá er ekki heppilegt að nýta hugtakið með tilliti til stærðar og samsetningar heimila þegar kanna á hverskonar íbúðarhúsnæði er þörf fyrir í samfélaginu. Til þess að fá rétta mynd þarf að koma fram aldur og fjöldi heimilismanna en hugtakið um kjarnafjölskyldu, sem er skilgreint svo þröngt, gerir það að verkum að leita þarf annarra leiða til að fá betri heildarsýn (Bjarni Reynisson, 2004; Helga Sól Ólafsdóttir, 2006). Til að taka ákvörðun um að víkja frá viðmiði um kjarnafjölskyldu eða innra viðmiði, hvort sem það eru báðir aðilar eða annar, kallar það á sterka sjálfsmynd til þess að geta

staðið með þeirri ákvörðun sem tekin er. En að víkja frá viðmiðinu getur falið í sér að eignast fleiri, færri eða enginn börn en því sem nemur kjarnafjölskyldu (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Ytri þættir fela í sér meðal annars félagslegan þrýsting sem til verður til dæmis þegar innsti hringur kunningja og vina fer að eignast börn og tími barnlausa parsins með vinum sínum inniheldur nú samverutíma með börnum. Annar ytri þáttur er félagslegar aðstæður en þar spilar inn í aldur sambandsins og aðilanna innan þess. Þar getur fundið fyrir beinum og óbeinum þrýstingi frá samfélaginu um að tímabært sé að fara að eignast börn en það á aðallega við um þar sem komið er yfir þrítugt, er vel menntað og hefur verið í sambandi lengur en í þrjú ár (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Pörum sem reyna að verða þunguð og eignast barn er best lýst sem einu af reynsluundrum lífsins. Að eignast barn kallar fram bæði ábyrgðarkennd og gleði hjá nýbökuðum foreldrum en því má ekki gleyma að þó svo að barneignirnar hafi verið undirbúnar þá hefur tilkoma barns ávallt mikil áhrif á sambandið milli foreldranna. Einstaklingar sem áður voru eingöngu tveir saman og mynduðu þar eru nú orðnir þrír með litla barninu og öll athygli foreldranna snýr að þessari litlu manneskju og því markmiði að veita henni allt það besta sem völ er á. Þessi breyting á lífsháttum parsins og þær nýju skuldbindingar sem fylgja þegar barn kemur í fjölskylduna er ekki alltaf viðurkennt í samfélaginu (Sigrún Júlíusdóttir, 2010).

2.1 Fjölskyldan og ófrjósemi

Þegar þar hefur ákveðið að það vilji eignast barn saman er það ákvörðun sem oftast er tekin í sameiningu og parið fer þá að stunda óvarið kynlíf. Þá er það mjög einstaklingsbundið hversu langan tíma það þarf til þess að ná þungun (ART Medica, e.d.-a; Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Ef parið hefur stundað reglulegt óvarið kynlíf í um það bil eitt ár og getnaður ekki orðið þá er talað um að ófrjósemisvandamál sé til staðar. Þá verður að taka tillit til aldurs parsins en því hærri sem aldurinn er því minni líkur eru á getnaði. Mörg pör fara eftir eitt ár að kanna aðra möguleika til þess að auka líkur getnaði en með hjálp mælinga og útreikninga á því hvenær konan er sem frjóst reyna þau að auka líkurnar á þungun. Sú hætta er þó til staðar að kynlífið sem var svo ánægjulegt á milli parsins fari versnandi þar sem parið finnur fyrir skyldurækni til að stunda kynlíf og að það verði ópersónulegt og ekki eins skemmtilegt og það var til að byrja með (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Mörg pör hafa grun um að eitthvað sé ekki í lagi þegar getnaður verður ekki en viðbrögðin við að fá staðfestingu á þeim grun eru mismunandi eftir einstaklingum. Einhverjir einstaklingar neita

að takast á við raunveruleikann, upplifa áfall eða fara í djúpa sorg þegar þeim er tjáð að þau geti ekki eignast börn. Þá fara mörg pör að skipuleggja hvernig þau geti stækkað fjölskyldu sína hvort sem það verður í formi frjósemisaðgerða eða með ættleiðingu (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Bæði andlegt og líkamlegt álag fylgir því að ganga í gegnum frjósemisaðgerðir en hversu vel einstaklingar takast á við slíkt álag hefur áhrif á ákvarðatöku þeirra um það hversu langt þeir eru tilbúnir að ganga til þess að eignast barn. Álagið getur orðið til þess einstaklingar gangi lengra eða oftari gegnum ófrjósemisaðgerðir en þeir eru í raun tilbúnir að gera (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Barnleysi er skilgreint sem sjúkdómur en 15% para eru hrjáð barnleysi (ART Medica, e.d.-b). Þegar pör verða fyrir þessu áfalli að geta ekki eignast börn leita þau oft til ráðgjafa til að fá aðstoð við að takast á við þær tilfinningar sem upp koma í kjölfarið. Oft eru pörin þá búin að fylla út umsókn vegna ættleiðingar en ekki búin að taka endanlega ákvörðun um hvað þau vilja gera. Það sem gerir ákvörðun um ættleiðingu erfiða er að fólk er ekki alltafúið að gera upp hug sinn hvort að það skiptir meira máli að barnið sem þau óska sér sé líffræðilega skylt báðum aðilum eða hvort að óskin um að verða foreldrar sé sterkari. Margir líta svo á að ættleiðing sé síðasti kosturinn hvað varðar barnleysi á meðan aðrir horfa svo á að meðan þeir fá að verða foreldrar þá skiptir það engu máli hvaðan barnið kemur eða hvernig ættleiðingarferli þurfi til þess að uppfylla drauminn um að verða foreldrar og eignast barn (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

3. Hugtakið ættleiðing

Í áranna rás hefur hugtakið *ættleiðing* verið í stöðugri þróun en merking þess er háð siðferði, menningu, aðstæðum og lögum sem í gildi eru hverju sinni. Ef það ætti að setja niður hvað hugtakið ættleiðing felur í sér má best lýsa því á þessa leið:

Ættleiðing barns er í eðli sínu verndarúrræði fyrir barnið. Ættleiðing er leið til að tryggja barni, sem ekki á fjölskyldu sem getur annast það, möguleika á að fá að alast upp hjá fjölskyldu sem hefur aðstæður til að veita því góðan aðbúnað og uppleði í samræmi við þarfir barnsins. Ættleiðing er ekki eingöngu úrræði sem tryggir barni umönnun innan fjölskyldu heldur stofnast um leið til ættartengsla. Þannig eru rofin lagaleg tengsl einstaklings við upprunafjölskyldu og stofnað til nýrra samsvarandi tengsla milli barnsins og þess eða þeirra sem ættleiða það (Hrefna Friðriksdóttir, 2010, bls. 14).

Markmiðið með ættleiðingu er fyrst og fremst að finna fjölskyldu fyrir barn sem uppfyllir þarfir þess og langanir. Þörf einstaklinga til þess að eignast barn er ekki sett í forgang heldur fyrst og fremst hagsmunir barnsins og hvað barninu sé fyrir bestu. Í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992 fjallar 3. grein um þau skilyrði sem aðildarríki verða að fara eftir. Þar segir meðal annars að það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn (gerð verða nánari skil á samningnum í kafla 5.1). Íslenska löggjöfin setur barnið ávallt í fyrsta sæti og vinnur eftir þeim reglum og reglugerðum sem settar hafa verið til að tryggja að barnið fari til þeirrar fjölskyldu sem uppfyllir allar þær kröfur sem til hennar eru gerðar sem uppalanda (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Í fyrstu grein reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005 er ættleiðingum skipt upp í þrjá flokka sem eru frumættleiðing, stjúpættleiðing og alþjóðleg fjölskylduættleiðing. Frumættleiðing er þegar barn er ættleitt og er ekki kjörbarn maka umsækjanda, maka í staðfestri samvist eða sambúðaraðila. Stjúpættleiðing er þegar maki umsækjanda eða sambúðaraðila ættleiðir barnið sem maki þess á. Að lokum er það alþjóðleg fjölskylduættleiðing en það er þegar ættleitt er barn sem er núverandi eða fyrrum erlendur ríkisborgari fær hér fasta búsetu hvort sem umsækjandinn er einn eða sækir um með maka sínum. Þessa skiptingu er ekki hægt að finna sundurliðaða innan ættleiðingarlaga nr. 130/1999. Þá er hægt að tala um sýnilegar ættleiðingar en slíkt er hvorki að finna í lögum eða reglugerðum en það snýr að ættleiðingum á milli kynþátta. Framandi útlit barna segir þá til um uppruna þeirra og á það sérstaklega við um lítil samfélög eins og á Íslandi þar sem

útlit þjóðarinnar er mjög einsleitt og því skera börn af öðrum kynstofni sig gjarnan úr (Valgerður Baldursdóttir, 2001).

Hugtökin *kjörforeldrar* og *kjörbarn* eru einnig notuð þegar fjallað er um ættleiðingar. *Kjörforeldrar* eru foreldrarnir sem eru að ættleiða barn og *kjörbarn* er barnið sjálft sem verið er að ættleiða. Í ættleiðingarmálum er annars vegar talað um veika eða opna ættleiðingu og svo hinsvegar um sterka ættleiðingu. *Sterk ættleiðing* (e. full adoption) er ávallt notuð í ættleiðingarmálum á Norðurlöndunum en það ferli felur í sér að með ættleiðingunni er verið að slíta á fyrri tengsl barnsins og verið að mynda ný tengsl. Helsta ástæðan fyrir því að notast er við sterka ættleiðingu er sú að það er talið barninu fyrir bestu þegar hagsmunir þess eru hafðir að leiðarljósi. Á Íslandi er notast við sterkra ættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Opin eða veik ættleiðing (e. open eða simple adoption) er þegar ekki er um jafn afgerandi slit á tengslum við eldri fjölskylduna að ræða og hugsanlegt er að það verði til þess að tengsl við nýju fjölskylduna séu ekki jafn mikil og þegar um er að ræða sterka ættleiðingu. Ekki er hægt að velja þessa aðferð ættleiðingar í öllum löndum en aðferðin getur skapað vandræði sökum mismunandi réttaráhrifa á milli landa þegar um er að ræða alþjóðlega ættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Í 25. grein laga um ættleiðingar nr. 130/1999 um réttaráhrif á Íslandi kemur fram að þegar kjörbarn er ættleitt þá öðlast það sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum sínum, ættmennum þeirra og öðrum sem kjörforeldrar eiga í kjörsifjum við eins og það væri eigið barn kjörforeldra, nema að lög segi til um annað. Um leið og þetta gengur í gegn þá falla niður öll lagaleg tengsl á milli kjörbarns og kynforeldra þess ásamt ættmönnum og öðrum þeim sem hafa verið í kjörsifjum við kynforeldrana. Þegar snýr að réttaráhrifum vegna ættleiðingar á erlendu barni segir í 38. grein ættleiðingarlaga að sýslumaður geti ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt er á erlendri grundu verði þau sömu og ættleiðingar sem hafa verið veittar hér á landi. Kjörbarnið fær þá réttarstöðu eins og lýst var í 25. grein ættleiðingarlaga.

Lög um ættleiðingar nr.130/1999 segja ekki til um sterka eða veika ættleiðingu en eru byggð upp á þann máta að ekki er gefinn kostur á því að sækja um veika ættleiðingu þar sem slitin eru öll tengsl við kynforeldra þegar verið er að sækja um alþjóðlega ættleiðingu. Því fellur alþjóða ættleiðing undir skilgreiningu á sterkri ættleiðingu eins og lýst var að ofan.

Hér eftir verður aðeins rætt um alþjóða ættleiðingar og því ekki fjallað frekar um stjúpættleiðingar og frumættleiðingar.

4. Ferlið við alþjóða ættleiðingar

Í 1. grein laga um ættleiðingar nr. 130/1999 kemur fram að leyfi til að ættleiða er veitt af sýslumanni. Í upphafi hafði veiting ættleiðingarleyfa verið í höndum dómsmálaráðuneytisins en árið 2007 var sýslumanninum í Búðardal falið það hlutverk að hafa umsjón með veitingu leyfa. Ástæðan sem lá að baki flutningi á málum tengdum ættleiðingum til sýslumannsins var að ráðuneytið vildi þannig efla sýslumannsembættin og betra þótti að einn sýslumaður væri með málefnið sökum þess að þau eru frekar fá og hafa mikla sérstöðu og því mikilvægt að hægt sé að nálgast þau á sama stað. Önnur breyting varð á þegar sýslumaðurinn fékk málaflokkinn í sínar hendur en umsækjendur sem sækja um ættleiðingu og fá synjun geta þá kært niðurstöðuna til dómsmálaráðuneytisins sem þá fer yfir mál þeirra og annað hvort snýr við úrskurði sýslumanns eða samþykkir hann (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009; Ættleiðing.is, 2006).

Ættleiðingarferlið hefst á því að umsækjendur sækja um forsamþykki til sýslumanns þar sem öllum gögnum er varða ættleiðingu er skilað inn. Í 4. grein ættleiðingarlaga nr. 130/1999 segir meðal annars að áður en leyfi er veitt fyrir ættleiðingu þarf barnaverndarnefnd að skila inn umsögn um væntanlega umsækjendur sem byggir á könnun sem gerð er á þeim. Þar þarf að koma fram að það sé kjörbarninu fyrir bestu að vera ættleitt af umsækjendum sem vilji vera barninu góðir uppalendur eða þá að sérstakar aðstæður mæli með ættleiðingunni. Þessari umsögn um umsækjendur þarf barnaverndarnefnd að skila inn samkvæmt 31. grein ættleiðingarlaga ef umsækjendur eru að sækja um í fyrsta skipti eða ef forsamþykki sem fyrir var til er orðið eldra en fjögurra ára. Það er í höndum löggilts ættleiðingarfélags að óska eftir að barnaverndarnefnd kanni hagi umsækjenda og skili inn umsögn þá. Í 35. grein laga um ættleiðingar nr. 130/1999 segir að eingöngu ættleiðingarfélagið geti haft milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu er átt við að ættleiðingarfélagið kemur á sambandi á milli umsækjenda, stjórnvalda, opinbera aðila og löggildra ættleiðingarfélaga í því ríki sem umsækjendur óska eftir að ættleiða barn frá sem og heimalands. Markmið með milligöngu löggilts ættleiðingarfélags er að sjá til þess að sú ættleiðing sem fer fram sé lögmæt.

Þá er einnig ein af forsendum forsamþykkis að umsækjendur sitji undirbúningsnámskeið vegna ættleiðingar á barni sem haldið er af félaginu Íslensk ættleiðing. Ef umsækjendur eru ekki búnir að sækja námskeiðið og fá staðfestingu á því frá ættleiðingarfélaginu þá er ekki hægt að taka umsókn þeirra um forsamþykki til afgreiðslu. Þar sem námskeiðin eru ekki haldin oft á ári, voru aðeins haldin tvisvar sinnum árið 2010, þá getur það tafið ferlið að skila inn öllum þeim pappírurum sem þarf til þess að sækja um ættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Í 32. grein laga um ættleiðingar segir að þegar barnaverndarnefnd hefur skilað inn umsögn um umsækjendur skuli sýslumaður taka ákvörðun um forsamþykki eins fljótt og auðið er. Þá segir einnig í 32. greininni að forsamþykki þurfi að fela í sér umsögn um að umsækjendur séu hæfir uppalandur og að íslenska ríkið taki fulla ábyrgð á væntanlegu kjörbarni frá því að það yfirgefur upprunaríki sitt og þar til það kemur til Íslands og fær landvistarleyfi til frambúðar hér á landi.

4.1. Skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla vegna alþjóða ættleiðingar

Til þess að uppfylla kröfur íslensks forsamþykkis, sem er formlegt samþykki íslenskra yfirvalda um að umsækjendur uppfylli skilyrðin fyrir því að mega ættleiða, þurfa einstaklingar að hafa náð 25 ára aldri en mega ekki vera orðnir eldri en 45 ára, efnhagur þeirra þarf að vera góður og þá mega þeir ekki hafa fengið refsidóm sem getur haft áhrif á hæfni þeirra sem uppalandar. Þetta kemur fram í reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 sbr. 11. og 12. grein. Þá verða umsækjendur einnig að uppfylla skilyrði um sambúðartíma en í 10. grein reglugerðarinnar segir að hjón verða að hafa verið í samfellri sambúð í þrjú ár en karl og kona í óvígðri sambúð verða að hafa verið í samfellri sambúð í fimm ár áður en þau sækja um ættleiðingu á erlendu barni. Þá verða umsækjendur einnig að vera andlega og líkamlega hæfir til þess að ala upp barn, samanber 9. grein reglugerðarinnar, ásamt því að þar kemur fram hvaða líkamlegir og andlegir kvillar geta komið til synjunar á forsamþykki umsækjenda en þeir eru eftirtaldir; alnæmi, krabbamein, hjarta- og æðasjúkdómar, offita, líffæraþegar, lungnasjúkdómar, fötlun, geðsjúkdómar, nýrnasjúkdómar, sjálfsöfnæmissjúkdómar, sykursýki, innkirtlasjúkdómar og meltingafærasjúkdómar. Mikilvægt er að tryggja að umsækjendur séu vel á sig komnir líkamlega og andlega til þess að veikindi dragi ekki úr líkum á því að þeir verði barni góðir uppalandur eða dragi úr lífslíkum þeirra á meðan barn er ekki orðið sjálfráða.

Þar sem Íslendingar eru aðilar að bæði Haagsamningum og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ber þeim skylda að fylgja þeim reglum sem settar eru hvað varðar ættleiðingar. Sýslumaður ber ábyrgð á að þessum reglum sé fylgt eftir og er forsamþykki þar helsta ábyrgðaryfirlýsing íslenska ríkisins að farið sé eftir settum reglum. Forsamþykki felur í sér að íslenska ríkið ábyrgist að barnið sem ættleitt verður muni fá íslenskan ríkisborgara rétt og komist til Íslands frá upprunalandi sínu. Þá er það einnig staðfesting á því að væntanlegir kjörforeldrar standist þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem uppalandar. Þar sem barnaverndarnefnd framkvæmir könnun á væntanlegum kjörforeldrum áður en þeir fá veitt forsamþykki er mikilvægt að sú könnun sé vel unnin og greinagóð. Öll bakvinna að forsamþykkinu er mikilvæg því hún er forsenda þess að einstaklingar fái samþykki til að ættleiða barn. Sé bakvinnan illa unnin getur það veikt sambandið á milli Íslands og þeirra upprunaríkja sem hægt er að ættleiða frá (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

5. Aðild Íslands að Haagsamningnum

Árið 1993 skrifaði Ísland undir alþjóðlegan samning um ættleiðingar í Haag í Hollandi og varð með undirskrift þeirri aðili að Haagsamningnum. Þau 78 ríki sem eru nú þegar orðin aðilar að Haagsamningnum eru jafnframt lönd sem bæði gefa börn til ættleiðingar úr landinu, upprunaríki (e. state of origin), og lönd sem taka á móti börnum til ættleiðingar, viðtökuríki (e. receiving state). Tilgangur samningsins er að koma í veg fyrir brottmál og sölu barna og leggja áherslu á að aðildarríkin hafi ávallt hagsmuni barna í fyrirrúmi þegar kemur að alþjóða ættleiðingum. Þá tekur Haagsamningurinn á hlutverki stjórnvalda í ættleiðingum en meðal annars er það hlutverk stjórnvalda í viðtökuríkjum að gæta þess að ættleiðing fari eingöngu fram þegar samþykki liggur fyrir frá einstaklingum eða stofnun sem eru ábyrg fyrir því að allt hafi farið fram eftir settum reglum og engum gögnum hafi verið aflað á óviðeigandi hátt (Hague Conference on Private International Law, 2008; innanríkisráðuneytið, 2007, 2009).

Haagsamningurinn kveður á um að miðstjórnarvald sé til staðar í hverju ríki fyrir sig sem ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og á Íslandi er það í höndum dómsmálaráðherra (nú innanríkisráðherra) (Innanríkisráðuneytið, 2007). Meðal verkefna sem miðstjórnarvaldið þarf að huga að er að fyrirbyggja að óeðlilegur fjárhagslegur gróði fylgi ættleiðingu barns og að kostnaður við ættleiðingu sem umsækjendum ber að greiða sé greiddur. Að auki þarf að gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir að barn sem hefur aldur til þess að skrifa sjálft undir ættleiðingarskjöl hafi ekki verið greitt eða umbunað með öðrum hætti til knýja fram samþykki þess (Hague Conference on Private International Law, 2008).

Haagsamningurinn tekur fyrst og fremst tillit til barnsins og stuðlar að því að það fái tækifæri til að alast upp hjá upprunafjölskyldu eins lengi og hægt er á meðan sú fjölskylda getur tryggt því hamingju, ástúð og skilning (þingskjal 939, 1998-1999). Sé það ekki möguleiki eru áætlanir gerðar um að barn verði fyrst og fremst gefið til ættleiðingar innan upprunaríkis en ekki til annarra landa nema í þeim tilvikum þar sem engin fjölskylda er til staðar í upprunaríki barnsins sem getur uppfyllt þarfir þess (Innanríkisráðuneytið, 2007). Rík áhersla er lögð á hvernig skal haga málum þegar kemur að því að velja fjölskyldu fyrir barnið. Það verður að vera faglega gert og allir væntanlegir kjörforeldrar verða að vera vandlega og faglega metnir sem væntanlegir uppálendur. Þetta á enn frekar við í þeim tilvikum þar sem barnið er með sérþarfir og þarfnast auknar umönnunar. Umsækjendur alþjóða ættleiðingar mega ekki koma að vali barns og upprunaríki verður að gæta að vinnubrögðum þegar kemur að vali á fjölskyldu og kanna hvaða styrkleika og stuðning umsækjendur

hafa til þess að sjá um umönnun barnsins. Aldrei undir nokkrum kringumstæðum skal láta tölvu sjá um að velja fjölskyldu og barn saman (Hague Conference on Private International Law, 2008). Á Íslandi og öðrum Norðurlandalöndum fara ættleiðingar fram í gegnum löggild ættleiðingarfélög. Íslensk ættleiðing er eina löggilda ættleiðingarfélagið hér á landi og starfar það félag eftir Haagsamningnum (innanríkisráðuneytið, 2007).

5.1. Samningur Sameinuðu þjóðanna; Barnasáttmálinn

Ísland er einnig aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (verður hér eftir kallaður Barnasáttmálinn) ásamt 192 öðrum ríkjum sem skuldbinda sig til að fara eftir þeim grundvallarreglum sem sáttmálin kveður á um. Barnasáttmálinn var samþykktur árið 1989 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en Ísland undirritaði sáttmálann ekki fyrr en 26. janúar 1990. Barnasáttmálinn tók gildi þann 27. nóvember 1992 hér á landi eftir að Alþingi heimilaði ríkisstjórninni að fullgilda hann með ályktun í maí sama ár. Ísland hefur þó ekki lögfest Barnasáttmálann en með fullgildingu samningsins er landið skuldbundið að þjóðarrétti til þess að uppfylla ákvæði og virða innihalds hans (Umboðsmaður barna, e.d.).

Barnasáttmálinn gengur út frá þeirri alþjóðlegu viðurkenningu að börn eigi óháð réttindi og séu sjálfstæðir aðilar sem ekki eigi að setja undir sama hatt og fullorðna. Þá þurfa börn á sérstakri vernd að halda umfram fullorðna ásamt vernd vegna grundvallarmannréttinda þeirra en í því felst meðal annars að standa vörð um rétt barnanna til tjáningar, trúfrelsis, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu ásamt réttinum til lífs. Þá eru einnig ákvæði í samningnum sem snúa að aðgerðum aðildarríkjanna til þess að standa vörð um velferð barnanna á sviði heilbrigðismála, menntamála og félagsmála (Umboðsmaður barna, e.d.). Barnasáttmálinn og Haagsamningurinn stuðla báðir að því að hagsmunir barna séu ávallt hafðir í fyrirrúmi (innanríkisráðuneytið, 2007).

6. Lönd sem Íslendingar geta sótt um að ættleiða frá

Eins og áður hefur komið fram þurfa allar alþjóða ættleiðingar samkvæmt lögum að fara í gegnum löggilt ættleiðingarfélag, hér á landi er það félagið Íslensk ættleiðing. Félagið, sem stofnað var árið 1987, var í fyrstu var kallað Ísland-Kórea en þremur árum síðar var nafninu breytt í Íslensk ættleiðing (Íslensk ættleiðing, e.d.-a). Íslensk ættleiðing stendur einnig fyrir fjáröflun til þess að veita munaðarlausum börnum betri kjör en það eru þau börn sem félagið hefur samninga við sem njóta fjárstuðnings. Félagið stendur einnig fyrir margvíslegri fræðslu hvort sem það er í formi fyrirlestra, fréttabréfa eða fræðsluefnis (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Þau lönd sem Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um hvað varðar alþjóða ættleiðingar í dag eru Kína, Indland, Kólumbía, Pólland og Tékkland (Íslensk ættleiðing, e.d.-b). Áður var einnig hægt að ættleiða börn frá Rúmeníu hérlandis en árið 2001 stöðvaði Rúmenía samskipti sín um ættleiðingar til Íslands og hefur ekki opnað fyrir þann möguleika aftur (Ættleiðing.is, e.d.-a).

Eins og sést á þessari upptalningu koma flest ættleidd börn frá Asíu eða Austur-Evrópu en ástæður fyrir ættleiðingu þeirra geta verið ýmsar. Í mörgum löndum er það talin skömm þegar kona eignast barn og er ekki í hjónabandi, hún sér þá ekki annan möguleika en að gefa barnið frá sér til ættleiðingar. Sú ákvörðun getur meðal annars verið tekin vegna efnaleysis og fátæktar. Fátækt er algeng ástæða þess að börn eru gefin til ættleiðingar af blóðforeldrum sínum (Ættleiðing.is, e.d.-b).

Flest börn sem ættleidd eru til Íslands koma frá Kína en á árunum 2000 til 2009 komu hingað til landsins 129 börn (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Þar sem kínversk börn eru stærsti hópur barna sem ættleidd eru til Íslands verður hér eftir lögð meiri áheyrsla á að notast við dæmi og aðrar upplýsingar sem snerta ættleiðingar þaðan.

Til þess að gefa dæmi um hvers vegna börn frá Kína eru ættleidd má meðal annars nefna stefnu stjórnvalda um takmörkun á barneignum, þetta á þó ekki við um öll börn sem gefin eru til ættleiðingar í Kína. Árið 1979 setti Deng Xiaoping leiðtogi Kína stefnu sem takmarkaði barneignir þjóðarinnar. Stefnan er sú að þar má einungis eignast eitt barn (e. One child policy) og var hún sett á til þess að stemma stigum við fólksfjölgun í Kína. Stefnan átti aðeins að vara í takmarkaðann tíma en er enn við lýði í dag. Stefnan hefur gert það að verkum að þrýst hefur verið á konur að fara í fóstureyðingar verði þær þungaðar í annað sinn eða fjölskyldan þarf að greiða sekt vegna þungunarinnar. Þá hafa konur sem eignast sitt annað barn í Kína gripið til þess örþrífarráðs að yfirgefa börnin sem verður til þess að annaðhvort deyja þau eða að mæður þeirra skilja þau eftir á barnaheimilum þar sem þau eru gefin til ættleiðingar. Í Kína er mun líklegra að stúlkur séu gefnar til

ættleiðingar en drengir (Rosenberg, 2011). Því er hins vegar öfugt farið hjá öðrum þjóðum en þá eru það drengir sem eru líklegri til þess að vera gefnir til ættleiðingar (Hagstofa Íslands, e.d.).

Þegar börn eru gefin til ættleiðingar frá þeim löndum sem nefnd hafa verið hér að framan er það á ábyrgð stjórnvalda viðkomandi upprunaríkis að annast barnið þar til að ættleiðing hefur farið fram eða búið sé að ganga úr skugga um að barnið eigi ekki aðra ættingja sem geti tekið það að sér (Íslensk ættleiðing, e.d.-c).

6.1. Biðtími eftir kjörbarni frá upprunaríki

Þegar Íslensk ættleiðing hefur gengið frá og sent umsókn til þess lands sem ættleiða á barn frá byrjar ef til vill erfiðasti hluti ættleiðingarferlisins fyrir væntanlega kjörforeldra en það er biðtíminn eftir kjörbarninu. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvenær kjörforeldri getur átt von á að fara út til að sækja nýja fjölskyldumeðliminn en það getur tekið nokkur ár. Til þess að fá hugmynd um biðtíma eftir kjörbarni þá geta kjörforeldrar sem sendu inn umsókn árið 2009 til upprunaríkis vegna ættleiðingar á barni átt von á því að árið 2013 verði ekki búið að velja þá sem kjörforeldra fyrir kjörbarn og því þurfi þeir að bíða lengur eftir barni. Þetta dæmi er reiknað út frá þeim upplýsingum sem Íslensk ættleiðing hefur undir höndum þegar félagið tekur saman lengd biðlista frá upprunalandi barnsins og fjölda barna sem hafa komið til Íslands. Biðtíminn er að lengjast vegna Haagsamningsins og Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um að sannreyna þurfi að fullu að barn eigi ekki ættingja eða geti verið gefið til ættleiðingar innanlands áður en það er gefið til ættleiðingar út úr landi en það tekur sinn tíma að sannreyna bakgrunn barnanna. Þá eru umsóknir orðnar mun fleiri þar sem fleiri lönd eru aðilar að samningunum tveimur og eftirspurn eftir barni er meiri en framboð er af börnum. Þó svo að það sé skiljanlegt af hverju biðtíminn eftir kjörbarni er langur þá er tíminn ætíð erfiður og sár fyrir væntanlega kjörforeldra (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Sökum þess að flestir sækja um alþjóða ættleiðingu til Kína hefur biðtími eftir kínversku barni verið að lengjast (Ættleiðing.is, e.d.-a). Kínverjar hafa hert á reglum sínum um ættleiðingar þegar snýr að væntanlegum kjörforeldrum en það var gert árið 2007. Ástæðan fyrir þeirri aðgerð Kínverja er sú að umsóknum um ættleiðingu á börnum frá Kína hefur fjölgað gríðarlega og eru þær orðnar mun fleiri en börnin sem koma þarf til ættleiðingar. Það er ekki íslenskum umsóknum um að kenna heldur hafa kjörforeldrar frá öðrum löndum í ríkari mæli sóst eftir að ættleiða börn þaðan. Þá eru það aðeins þeir umsækjendur sem kínversk stjórnvöld telja að uppfylli þau skilyrði sem þeir setja fram, sem fá að ættleiða barn frá Kína (Innanríkisráðuneytið, 2007). Þá ber að nefna að allar tímasetningar eins og biðtími eftir kjörbarni ræðst ætíð af þróun mála í því landi sem sótt er um að ættleiða frá (Íslensk ættleiðing, e.d.-e).

6.2. Kostnaður við alþjóðlegar ættleiðingar

Þegar kemur að kostnaði við alþjóðlegar ættleiðingar þá fer það eftir hverju landi fyrir sig. Stór hluti af kostnaðinum er í erlendri mynt og er þá háður því gengi sem er hverju sinni en ef gengið hækkar þá getur erlendur kostnaður snarhækkað. Það sem felst í erlendum kostnaði eru allar greiðslur sem fara til upprunaríkisins eins og allur lögfræðikostnaður sem til fellur vegna ættleiðingarinnar að utan, lækniskostnaður vegna kjörbarnsins, ferðakostnaður fyrir kjörforeldrana og uppihald þeirra þegar þeir ferðast út til þess að sækja kjörbarnið og að lokum þurfa kjörforeldrar einnig að greiða fyrir uppihald kjörbarnsins í upprunaríkinu. Þegar kemur að innlendum kostnaði vegna ættleiðingarferlisins þá þarf að greiða fyrir öll skjöl sem tengjast ættleiðingunni svo sem stimpilgjöld, öll vottorð sem skila þarf inn, Þýðingar á skjölum ef þau eru á öðru tungumáli og einnig þarf að greiða biðlistagjald á meðan beðið er eftir að ættleiða barn (Íslensk ættleiðing, e.d.-b, e.d.-c). Til þess að gefa einhverja mynd af kostnaðinum við að ættleiða barn frá til dæmis Kína þá er það nú í kringum 2,5 milljónir til 3 milljónir króna þegar tekið er mið af genginu í ágúst 2010 en árið 2006 þá var þessi kostnaður mun lægri eða í kringum 1,2 milljónir króna (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Væntanlegir kjörforeldrar geta sótt um styrk samkvæmt lögum um ættleiðingarstyrk nr. 152/2006 en það er ráðherra sem hefur yfirumsjón með styrknum sbr. 1. grein laganna. Þegar frumvarp að ættleiðingarstyrknum var sett fram árið 2006 kom í ljós að í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hafði kjörforeldrum verið greiddur slíkur styrkur í um áratug og Finnland tók slíkt upp hjá sér árið 2002 á meðan ekkert slíkt hafði verið í boði á Íslandi (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Þegar kjörforeldrar hafa hlotið forsamþykki geta þeir sótt um ættleiðingarstyrk nr. 152/2006 sem greiddur er út af ríkissjóði sbr. 3. grein og 5. grein laganna. Væntanlegir kjörforeldrar hafa sex mánuði frá því að þeir hafa fengið staðfestingu á erlendri ættleiðingu til þess að sækja um styrkinn en ef ekki er sótt um innan þess tíma þá fellur rétturinn niður og kjörforeldrarnir fá styrkinn ekki greiddann sbr. 6. grein laganna. Upphæð styrksins er endurskoðuð á tveggja ára fresti með tilliti til fjárlaga frá ríkissjóði en frá 1. júní 2011 var fjárhæðin 568.698 kr. í formi eingreiðslu en 20% af upphæðinni er veitt fyrir hvert barn umfram eitt (Vinnumálastofnun, e.d.).

7. Undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra á Íslandi

Áður en að umsækjendur geta fengið forsamþykki þurfa þeir að hafa sótt námskeið um ættleiðingu á erlendu barni sem er haldið af löggiltu ættleiðingarfélagi samkvæmt reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005. Breyting varð á þessu árið 2009 þegar gefin var út reglugerð um breytingu á reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 og fólst breytingin í því að eftir 20. grein reglugerðar um ættleiðingar bættist við ný grein. Þar segir að nú þurfi umsækjendur ekki að vera búnir að sitja námskeiðið áður en þeir sækja um forsamþykki. Skilyrðið er þó að koma þarf skriflega fram að ekki var búið að halda undirbúningsnámskeiðið áður en sótt var um og að allar aðrar kröfur forsamþykkis séu uppfylltar ásamt því að umsækjendur ætli sér að sitja næsta mögulega námskeið sem haldið verður.

Eins og komið hefur fram er undirbúningsnámskeiðið fyrir umsækjendur sem vilja ættleiða barn erlendis frá. Umsækjendurnir eru þá komnir á biðlista og hafa ekki ættleitt barn áður. Undirbúningsnámskeiðin eru fjölpætt en meðal annars geta umsækjendur lagt fram spurningar sem eru að siðferðislegum toga. Spurningar eins og hver sé ábyrgð kjörforeldra, hvort það henti þarinu að ættleiða, hvernig upplifunin sé að vera kjörforeldri og fleira sem varpar ljósi á ættleiðingarferlið og tímann eftir að barnið er komið í hendur kjörforeldra sinna. Þá fá umsækjendur kynningu á því hvernig líf kjörbarnsins getur verið áður en það er gefið til ættleiðingar til þess að gefa væntanlegum kjörforeldrum betri sýn á bakgrunn þeirra (Íslensk ættleiðing, e.d.-d). Fjallað er um þjóðfélagsþætti þeirra landa sem hægt er að sækja um að ættleiða frá en slíkt gerir væntanlega kjörforeldra betur undirbúna til að takast á við þær aðstæður sem upp geta komið í kjölfar ættleiðingarinnar (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Notast er við kennslumyndband sem Lene Kamme sálfræðingur gerði um aðstæður barna sem bíða eftir að vera gefin til ættleiðingar. Myndbandið sýnir börn á barnaheimilum í Indlandi og Suður-Ameríku og þeirra líf eru borin saman við líf barna sem ekki eru ættleidd og hafa ávallt verið hjá móður sinni frá fæðingu (Íslensk ættleiðing, e.d.-d).

Sú nálgun sem notuð er á umsækjendur á námskeiðinu er að höfða til þeirra persónulega og kanna meðal annars hverjar séu ástæður þess að þeir vilja ættleiða og hverjar væntingar þeirra séu til ættleiðingunnar. Slíkt hið sama er gert meðal annars í Danmörku til þess að umsækjendur séu fullvissir um að þeir vilji taka þá ákvörðun að ættleiða og verða kjörforeldrar. Málefni sem einnig er rætt er tengslamyndun og er það gert frá sjónarhorni bæði væntanlegra kjörforeldra og kjörbarns. Fjallað er um tengslarof og tilfinningatengsl sem geta fylgt ættleiðingarferlinu og eftir að komið er til baka til Íslands með barnið (Famlistyrelsen, e.d.; Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Mikilvægt er fyrir væntanlega kjörforeldra að gera sér grein fyrir öllu því sem ættleiðing hefur í för með sér og fræðast

um það málefni en til þess að nefna dæmi um vankunnáttu og afleiðingar hennar þá lítum við til Bandaríkjanna. Kona að nafni Elizabeth Bartholet átti einn dreng sem var orðin tíu ára gamall þegar hana langaði að eignast annað barn. Hún hafði skilið við föður drengsins en ætlaði sér að eignast annað barn hvernig sem hún færi að því. Eftir árangurslausar tilraunir í tíu ár til að verða þunguð ákvað hún að ættleiða og í kjölfarið ritaði hún bókina *Family Bonds: Adoption & the politics of parenting* um reynslu sína af ættleiðingunni, því ferli sem hún gekk í gegnum og hvernig henni tókst með áhrifum, peningum og blekkingum að ættleiða tvo drengi frá Perú. Í bók sinni lýsir hún því yfir að mörg börn bíði ættleiðingar og nóg sé til af einstaklingum sem eru tilbúnir til að ættleiða börnin. Hún telur starfsaðferðir stofnana og þann fjárhagslega kostnað sem fylgir ættleiðingum vera ástæðu þess að börn þurfa að bíða svo lengi eftir væntanlegum kjörforeldrum. Hún minnst hinsvegar ekki á þá staðreynd í bók sinni að flest kjörbarnanna sem bíða eftir að verða ættleidd eru börn sem geta verið með þroskafrávik, hafa fæðst með eiturefnavandamál eða eru orðin það gömul að erfitt er að ættleiða þau. Það er ekki þeirri stofnun um að kenna sem sér um ættleiðingarnar að vilja ekki koma kjörbörnum fyrir hjá kjörfjölskyldu heldur eru það væntanlegir kjörforeldrar, eins og hún sjálf, sem vilja fá að ala upp kjörbarn sem er heilbrigt og á unga aldri. Þegar kemur að því að samþykkja kjörfjölskyldu vegna væntanlegs kjörbarns finnst Elizabeth það vera mismunun á réttindum. Hún telur að ekki eigi að þurfa að samþykkja umsækjendur og má því ætla að hún telji alla vera hæfa til að ala upp kjörbarn. Þá hafnar hún öllum kenningum um þá erfiðleika sem hugsanlega geta komið upp hjá kjörbarni eftir ættleiðingu og telur að samfélagið eigi ekki að þurfa að reyna að koma í veg fyrir að kjörbarn lendi hjá kjörforeldrum sem hugsanlega gætu sýnt barninu vanrækslu eða veitt því líkamlega áverka (Watson, 1997). Af þessu að dæma má ætla að undirbúningsnámskeið séu nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir vankunnáttu umsækjenda á ættleiðingum og ættleiðingarferlinu.

7.1. Kennslufni og kennsluaðferð undirbúningsnámskeiða

Ritin *Heilsufar ættleiddra barna og Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns* eru eftir Lene Kamm en hún hannaði danska kennslufnið sem stuðst er við þar í landi. Ritin hafa verið útfærð á þann veg að þau samræmist íslenskum aðstæðum og hafa þau verið þýdd á íslensku af ættleiðingarfélaginu Íslensk ættleiðing. Rit þessi eru fengin öllum þeim sem sækja undirbúningsnámskeið á vegum félagsins og er ætlast til þess að umsækjendur lesi ritin áður en þeir koma á undirbúningsnámskeiðið til þess að þeir geti tekið virkan þátt á námskeiðinu. Félagið hefur einnig gefið út rit sem heitir *Kjörfjölskyldan* og mælir með að umsækjendur fjárfesti í því, en það

kostar 1500 krónur, og leyfi ættingjum einnig að lesa það til þess að kynna sér efni þess (Íslensk ættleiðing, e.d.-d). Þó svo að undirbúningsnámskeiðin séu í höndum Íslenskrar ættleiðingar þá er það dómsmálaráðuneytið sem ber ábyrgð á þeim. Starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar telst í raun starfsfólk dómsmálaráðuneytisins þegar það heldur undirbúningsnámskeiðin. Umsækjendum eru veittar þessar upplýsingar um starfsfólk ættleiðingarfélagsins til þess að koma í veg fyrir misskilning þar sem Íslensk ættleiðing vill ítreka að þeir hafa ekkert með það að gera að veita umsækjendum forsamþykki sem er ein af ástæðum þess að umsækjendur eru á þessum námskeiðum (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Undirbúningsnámskeiðinu er skipt upp í tvo hluta sem kennd eru með fimm til sex vikna millibili. Árið 2005 voru þessi námskeið sett upp sem hraðnámskeið en í dag eru þau mun ítarlegri sökum þess að þau voru útfærð eftir Lene Kamm og hennar fræðilegu nálgun á ættleiðingum. Fyrri hlutinn fjallar um hvernig aðkoma umsækjenda er að ættleiðingunni og við hverju er búist af væntanlegum kjörforeldrum. Þá er fjallað um málefni sem snúa að andlegu hlið umsækjenda eins og hvað varð til þess að einstaklingarnir völdu ættleiðingu, hvernig tilfinning það var að geta ekki eignast barn á náttúrulegan hátt, sorgin sem fylgdi þeirri greiningu og fleira á þann veg (Ingibjörg Jónsdóttir, 2007; Sigrún María Kristinsdóttir 2009).

Seinni hluti námskeiðsins er um kjörbarnið og hvernig aðbúnaður þess er áður en það er ættleitt. Hér er tekið á ýmsum málum hvað varðar kjörbarnið og mikilvægi þess að væntanlegir kjörforeldrar séu upplýstir meðal annars um þær aðstæður sem kjörbarnið hefur alist upp við fram að ættleiðingu. Fjallað er um ýmsar staðreyndir sem varða börn sem gefin eru til ættleiðingar og áhættuþætti á borð við áhrif stofnanavistar á börn. Sú spurning sem oftast er lögð fram í síðri hluta námskeiðsins er hvort til sé gott barnaheimili þar sem börnin hafa alist upp fyrir ættleiðingu. Námskeiðshaldarar á vegum félagsins svara þessari spurningu alltaf neitandi og að ekkert barn ætti að þurfa að þola slíka vist. Væntanlegum kjörforeldrum er þá gerð grein fyrir því að ekki megi þeir láta umræðuefnið um stofnanavist kjörbarna þeirra sem vind um eyrun þjóta heldur verða þeir að vera vel upplýstir um aðstæður kjörbarnins áður en það er ættleitt. Þeir verða að viðurkenna að barnið á sína fortíð sem er misgóð hjá hverjum og einum og nauðsynlegt að ræða um það opinskátt. Til þess að ættleiðing gangi sem allra best er forsendan að viðurkenna að ættleiðingin er til komin vegna erfiðra aðstæðna (Ingibjörg Jónsdóttir, 2007).

7.2. Önnur námskeið sem umsækjendur geta sótt á vegum Íslenskrar ættleiðingar

Annað námskeið sem haldið er á vegum ættleiðingarfélagsins heitir *Umönnun ungbarna*. Þeir umsækjendur sem sækja þetta námskeið eru þeir sem komnir eru með upplýsingar um væntanlegt kjörbarn eða eru framarlega á biðlistanum. Kristín Svala Jónsdóttir hefur haldið þetta námskeið en hún er hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir að mennt. Á námskeiðinu er fjallað um umönnun og líkamlegar þarfir kjörbarnsins frá því að kjörforeldrarnir sækja það, á ferðalaginu til Íslands og hvernig því skal sinnt eftir að komið er til landsins. Lögð er mikil áheyrsla á að kynna fyrir kjörforeldrum nánd og þá sérstaklega að virða mörk kjörbarnsins ef það sýnir ótta eða óöryggi. Kjörforeldrunum er kennt að sum barnanna sem ættleidd eru hafa aldrei farið af barnaheimilinu og þroski þess kann að vera minni en vænta má hjá öðru barni á sama aldri. Þá eru umsækjendur varaðir við því að bera saman reynslu kjörbarna og annarra barna þar sem reynsla þeirra er mjög ólík og því ekki sambærileg. Kjörbörnin þurfa á frekari stuðningi og umönnun að halda en önnur börn. Sem dæmi þá geta kjörforeldrar talið að kjörbarn hafi tengst þeim tilfinningalega ef það lítur út fyrir að vera öruggt með sig og sefur vel á nóttunni. Kjörbörn sem alast upp á barnaheimili hafa lært það að þó að þau gráti á nóttunni þá mun enginn koma og sinna þeim og þar af leiðandi hafa þau lært af reynslunni og hætta að gráta þegar það er svefntími. Það er því ekki sjálfsagt að kjörbarn sem komið er til kjörforeldra sinna sé búið að mynda tengsl við þá þegar það er farið að sofa á nóttunni sökum fyrri reynslu. Þá stuðlar námskeiðið að því að gera ferðalagið heim til Íslands sem þægilegast fyrir bæði kjörforeldra og kjörbörn en erfitt getur verið að ferðast með ung börn langar leiðir (Íslensk ættleiðing, e.d.-d; Sigrún María Jónsdóttir, 2009).

Að lokum er hægt að sækja ferðanámskeið hjá félaginu og er þá þeim umsækjendum sem sækja námskeiðið skipt upp í hópa eftir því frá hvaða landi kjörbörnin þeirra koma. Fundunum stýra kjörforeldrar sem hafa farið til viðkomandi lands og náð í kjörbarn sitt þaðan. Á þessum fundum er farið yfir hvaða gjaldeyri þarf að hafa meðferðis, hverju skal pakka með í ferðatöskuna, hvernig aðstæður eru á barnaheimilinu þar sem kjörbarnið dvelur, hvað skal forðast að gera í nýrri menningu á meðan kjörforeldrar dvelja þar og svo framvegis. Þá er farið yfir verklagsferlið hjá viðkomandi ríki hvað varðar ættleiðinguna en þeir sem ætla sér að sækja um alþjóðlega ættleiðingu þurfa að setja sig inn í verklagsferli hjá upprunaríki þess lands sem væntanlegt kjörbarn er frá. Í sumum tilvikum þurfa kjörforeldrar að dvelja í einhvern tíma í upprunaríkinu á meðan verið er að ganga frá lögleiðingu ættleiðingarinnar þar úti. Ekki þarf að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið en það er innifalið í biðlistagreiðslu sem umsækjendur eru búnir að greiða (Íslensk ættleiðing, e.d.-d; Oppen, 2005).

8. Útfærsla undirbúningsnámskeiða á Norðurlöndunum í samanburði við Ísland

8.1. Danmörk

Í Danmörku er útfærsla á undirbúningsnámskeiði fyrir þá sem óska eftir að sækja um að ættleiða erlent barn með svipuðu móti og á Ísland. Eins og fram hefur komið þá er það Lene Kamm sem hennar undirbúningsnámskeiðin í Danmörku. Fjölskylduskrifstofan Familistyrelsen heyrir undir danska stjórnaráðuneytið og gegnir hún meðal annars því hlutverki að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá sem ætla sér að sækja um ættleiðingu á erlendu barni. Í Danmörku er ættleiðingarferlinu skipt upp í þrjú skref. Fyrsta skrefið er að sækja um ættleiðinguna og fá samþykki sem ættleiðandi. Einungis þegar umsækjendur hafa fengið samþykkt á fyrsta skrefinu í ættleiðingarferlinu mega þeir sækja um að fara á undirbúningsnámskeið sem er annað skref. Þá er tekið sérstaklega fram að ef þeir sækir um að ættleiða saman þá þurfa báðir aðilar að mæta á námskeiðið (Familiestyrelsen, e.d.; Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Undirbúningsnámskeiðið er ætlað þeim umsækjendum sem eru að sækja um að ættleiða barn í fyrsta skipti. Þeir sem áður hafa ættleitt barn og eru að sækja um að ættleiða annað þurfa yfirleitt ekki að fara aftur á námskeiðið en Familistyrelsen getur óskað eftir að þeir geri svo telji stofnunin þörf á því fyrir umsækjendur (Familiestyrelsen, 2011).

Markmið undirbúningsnámskeiðsins er að veita umsækjendum þekkingu á kjörbarni, bakgrunni þess og uppeldi. Þá er einnig falast eftir upplýsingum um hvers vegna umsækjandinn vill ættleiða og hver hans ástæða er fyrir þeirri ákvörðun. Einnig er umsækjendum leiðbeint um það hvernig skal svara spurningum kjörbarns um blóðforeldra sína en fyrst og fremst er undirbúningsnámskeiðið ætlað til að svara spurningum umsækjenda sem varða það hvort þeir séu í stakk búnir til að ættleiða barn (Familiestyrelsen, e.d.).

Undirbúningsnámskeiðin eru kennd á tveimur helgum og verða umsækjendur að mæta þessa daga til þess að ljúka námskeiðinu. Þá er ekki leyfilegt fyrir einstaklinga að velja þá hluta námskeiðsins sem þeim finnst hvað einna mest áhugaverðir eða fróðlegir og sleppa því að mæta á hina hluta námskeiðsins. Ekki er leyfilegt að mæta bara aðra helgina á námskeiðinu og taka hina þegar nýtt námskeið er hafið með nýjum þátttakendum. Þegar umsækjendur hafa lokið undirbúningsnámskeiðunum fá þeir í hendur vottorð til staðfestingar á þátttöku þeirra sem þeir skila inn með þeim gögnum sem þarf til þess að halda áfram með ættleiðingarferlið. Þannig komast þeir á þriðja og síðasta skref ættleiðingarferlisins (Familiestyrelsen, 2011).

8.2. Noregur

Í Noregi eru undirbúningsnámskeiðin sett upp að danskri fyrirmynd og því áþekk þeim íslensku. Þau eru haldin af barne- ungdoms- og familedirektoratet eða Bufdir sem er stjórnað af Bufetat, Barne- ungdoms og familieetaten, sem er sérstakt barna-, ungmenna- og fjölskyldusvið sem heyrir undir norska barna- og jafnréttisráðuneytið. Bufdir hefur meðal annars það hlutverk að tryggja að löggild ættleiðingarfélög fari eftir settum reglum og reglugerðum og að upprunaríkið, landið sem sótt er um ættleiðingu frá, geri slíkt hið sama. Þær reglur sem eru við lýði í dag í Noregi skylda ekki umsækjendur til að sækja undirbúningsnámskeiðin sem Bufdir heldur en umsækjendur eru hvattir til þess að nýta sér þau. Þetta er ólíkt því sem gengur og gerist á Íslandi og í Danmörku þar sem þátttaka á undirbúningsnámskeiði er skilyrði þess að væntanlegir kjörforeldrar hljóti samþykki sem slíkir. Rannsóknarhópur var settur af stað árið 2002 sem átti að kanna þörf undirbúningsnámskeiða sem skyldunámskeið. Rannsóknarhópurinn leitaði til Danmerkur eftir samstarfi við stofnanir sem koma að undirbúningsnámskeiðum fyrir ættleiðingar. Árið 2009 var gefin út skýrsla um ættleiðingar og hagsmuni barnsins en þar var meðal annars lögð fram sú tillaga að undirbúningsnámskeiðin yrðu gerð að skyldu eins og í Danmörku og að þau væru byggð upp með sama hætti og þar í landi (Hrefna Friðriksdóttir, 2010; Norges offentlige utredninger, 2009).

Eins og áður hefur komið fram þá eru norsku undirbúningsnámskeiðin ekki skylda fyrir þá sem vilja sækja um ættleiðingu en þess í stað er gerð krafa um að námskeiðin séu haldin víðsvegar um landið svo sem flestir umsækjendur hafi möguleika á að sækja þau og þurfi ekki að ferðast um langan veg til að sækja slíkt námskeið. Í skýrslunni kemur fram að aukin áheyrsla er lögð á að gera námskeiðin að skyldu og er það ekki í fyrsta skipti sem áheyrsla er lögð á það málefni (Norges offentlige utredninger, 2009).

Fyrstu undirbúningsnámskeiðin sem haldin voru af Bufdir hófust árið 2006 og var fyrirkomulag þeirra á þann veg að umsækjendur sátu námskeið tvær helgar á fjögurra til sex vikna tímabili. Námskeiðshaldarar voru karl og kona og varð annað hvort þeirra að hafa reynslu af ættleiðingu en fagmenntunar var ekki krafist. Þema undirbúningsnámskeiðsins var tengsl og var það nýtt í gegnum allt námskeiðið ásamt því að það auðveldaði kennurunum að halda sig við það kennsluefni sem kennt var. Ástæðan fyrir því að þemað tengsl var notað var sú að oft eiga kjörbörn erfitt með tengsl og þá er mikilvægt að kjörforeldrar viti hvernig skal takast á við þann vanda. Námskeiðið snéri meðal annars að því að aðstoða væntanlega kjörforeldra við að átta sig á þeim aðstæðum sem kjörbörnin koma úr en sum kjörbörn hafa aðgang að einhverjum upplýsingum um blóðforeldra sína í gegnum kjörforeldra. Kjörforeldrum er þá leiðbeint um hvernig skal takast á við

þær aðstæður þegar kjörbörnin fara að spyrjast fyrir um blóðforeldra og hvernig þeir geta nýtt þær upplýsingar sem þeir hafa um blóðforeldra barnsins. Þá er umsækjendum einnig kennt að takast á við lífið með erlendu kjörbarni en samfélag getur stuðlað að kynþáttafordómum og mismunum í garð þess. Meðal annars er umsækjendum kennt að líta á eigin viðhorf til þess að kjörbarnið hefur annað útlit og annað þjóðerni en þeir sjálfir. Einnig var rætt um biðina eftir kjörbarni til þess að umsækjendur gætu fundið fyrir samhug sín á meðal. Þeir einstaklingar sem nýttu sér ekki að mæta á námskeiðin sögðu það tilkomið vegna þess að of langt var fyrir þá að ferðast til þess að sækja námskeiðið eða að þeir áttu blóðskyldt barn fyrir og töldu sig þar af leiðandi ekki þurfa að nýta sér undirbúningsnámskeið (Norges offentlige utredninger, 2009).

Árið 2009 voru undirbúningsnámskeiðin metin en það var gert með þeim hætti að umsækjendur sem höfðu sótt slík námskeið árin 2006 til 2007 fylltu út matsblöð. Undirbúningsnámskeiðin komu mjög vel út úr matinu og töldu umsækjendur sig hafa góða upplifun af ferli ættleiðingar eftir að hafa setið námskeiðið. Þá töldu umsækjendur að þeir sem mættu með maka sínum á námskeiðin hefðu betri skilning á upplifun hvors annars þegar kom að ættleiðingunni (Norges offentlige utredninger, 2009).

8.3. Finnland

Félagsmálanefnd sveitarfélaga eða socialvårdsorgan sér um alþjóða ættleiðingar í Finnlandi en forsamþykki er veitt af dómstólum þar í landi. Það er í höndum sérstaks adoptionsbyrján eða ættleiðingarráðs að gefa út umsögn um umsækjendur og ber ráðið einnig ábyrgð á að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá. Einnig ber ráðið ábyrgð á að veita kjörforeldrum stuðning eftir að ættleiðing hefur gengið í gegn og kjörbarnið er komið til foreldra sinna. Samkvæmt finnskum lögum eiga allir sem koma að ættleiðingarferli að fá leiðbeiningar um það hvernig standa skuli að slíkum málum og hefur þeim reglum verið framfylgt þannig að umsækjendur geta sótt námskeið sér til stuðnings. Það er þó ekki skylda að sækja undirbúningsnámskeið eins og á Íslandi og í Danmörku og er það því í höndum umsækjanda hvort hann nýtir sér aðstoð þessa eða ekki. Nokkur samtök er að finna sem styðja við bakið á kjörfjölskyldum í Finnlandi, til dæmis samtökin Föreningen Våra gemansamma barn og Adoptivfamiljer, en sambærileg samtök eru ekki til á Íslandi (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

8.4. Svíþjóð

Myndigheten för internationella adoptionsfrågor eða MIA er stofnun sem er að finna í Svíþjóð og hefur hún meðal annars það hlutverk að tryggja gæði við ættleiðingarmál, fylgjast með

málsmeðferðum, heimsækja þau lönd sem hægt er að ættleiða frá og fleira. MIA og Socialstyrelsen hafa unnið í sameiningu að því að búa til kennslufni sem kennt er á undirbúningsnámskeiðum fyrir þá sem óska þess að ættleiða. Svíþjóð á það sameiginlegt með Danmörku og Íslandi að þarlendis er undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu skylda og forsenda þess að fá forsamþykki. Socialstyrelsen ber þá ábyrgð á að dreifa kennslufni undirbúningsnámskeiðsins ásamt því að hafa eftirlit með þeim sem halda námskeiðin og sjá til þess að notast sé við það kennslufni (Hrefna Friðriksdóttir, 2010; Socialstyrelsen, 2008).

Markmið undirbúningsnámskeiða í Svíþjóð er að auka skilning umsækjanda á hvað ættleiðing felur í sér ásamt því að auka innsýn og efla þekkingu á þörfum kjörbarns. Námskeiðin eru kennd á þrjá vegu; yfir tvær helgar, á fjórum virkum dögum eða sjö skipti og þá þrír tímar í senn. Umsækjendur geta þá valið námskeið eftir því hvaða fyrirkomulag hentar þeim best. Á námskeiðinu er lögð áhersla að þeir sem það sitja hafi tíma til þess að ígrunda námsefnið sem farið er yfir áður en að kemur að því að mæta aftur á seinni hluta námskeiðsins (Socialstyrelsen, 2008).

Á námskeiðinu er einnig lögð áhersla á að veita umsækjendum bæði þekkingu og kunnáttu á þeim sértæku þörfum sem kjörbörn hafa og hvert þeir geta leitað til þess að fá fagaðstoð. Þá eiga umsækjendur að námskeiði loknu að geta verið vakandi fyrir þeim ólíku aðstæðum sem upp geta komið á uppvaxtarárum kjörbarnsins og verið undirbúnir að takast á við slíkt ef svo ber við. Umsækjendur eiga líka með aðstoð námskeiðsins að geta metið sína eigin hæfni til að takast á við hlutverk kjörforeldra en þeir fá oft sérstöðu innan samfélagsins sökum þess að þeir hafa ættleitt barn og verða að vera undir það búnir að takast á við það vandamál og leita aðstoðar ef hennar er þörf. Þó að námskeiðið sé ein af forsendum þess að fá forsamþykki til ættleiðingar þá er einnig mikið lagt upp úr því að þátttakendur upplifi að þeir treysti námskeiðshaldara og geti þannig talað opinskátt um þær hugsanir og tilfinningar sem koma fram við undirbúningsvinnuna. Af þeim sökum er ekki viðeigandi að sá aðili sem heldur námskeiðin hafi eitthvað með það að gera að veita forsamþykki eða meðmæli varðandi umsækjendur. Sá aðili sem heldur undirbúningsnámskeiðin í Svíþjóð er ætíð fagaðili sem er menntaður félagsráðgjafi, sálfræðingur eða kennari svo dæmi sé nefnt (Socialstyrelsen, 2008).

Á Íslandi í Danmörku og Svíþjóð er það skylda umsækjenda um ættleiðingar að sitja undirbúningsnámskeið áður en samþykki er veitt til að ættleiða. Ísland og Noregur byggja námskeiðin sín upp eftir danskri fyrirmynd en í Noregi eru umsækjendur ekki skyldugir til að mæta á slík námskeið sem og í Finnlandi. Í Finnlandi er mælt með því að verðandi kjörforeldrar sækji slíkt námskeið en aftur á móti fá umsækjendur þar virka fræðslu á meðan verið er að framkvæma mat á hæfni þeirra sem uppalendur (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

9. Stuðningur við kjörforeldra eftir að kjörbarn kemur heim

Foreldrar verða að geta leiðbeint barni sínu og sýnt því stuðning þegar það þarfnast þess. Það eru þó ekki alltaf bara börn sem þurfa stuðning því foreldrar geta einnig þurft á stuðningi á að halda til þess að geta sinnt hlutverkum sínum sem góðir umönnunaraðilar (Steinunn Bergmann, 2010). Alveg eins og að þarfir barna þróast og breytast þá þurfa foreldrar að gera slíkt hið sama til að geta mætt þessum þörfum (Holland, 2004). Oft nægir foreldrum að ræða við aðra í kringum sig hvort sem það er við ættingja, vini eða aðra foreldra um hlutverk sitt sem umönnunaraðilar. Þeir geta þannig deilt reynslu sinni og hlustað á aðra til að fá ráðgjöf eða leiðbeiningar (Steinunn Bergmann, 2010).

9.1. Sérstaða kjörforeldra og kjörbarna

Fyrir kjörforelda getur verið erfitt að deila tilfinningum sínum og upplifun á ættleiðingunni með öðrum og ræða um það hvernig þeim gengur í umönnunarhlutverkinu eftir að kjörbarn er komið til þeirra. Ástæða þess snýr að þeirri sérstöðu sem uppeldi á ættleiddu barni hefur miðað við uppeldi blóðskylds barns. Eitt af því sem skapar kjörbörnum sérstöðu er sú lífsreynsla sem þau hafa gengið í gegnum áður en þau eru ættleidd til kjörforeldra sinna. Valgerður Baldursdóttir geðlæknir (2001) komst svo að orði um sérstöðu kjörbarna: „Þau hafa í farteskinu lífsreynslu sem hefur meiri áhrif á líf þeirra en nokkuð annað á lífsleiðinni. Það er ekki hægt að hugsa sér meiri missi í lífi nokkurs einstaklings en þann sem þau hafa orðið fyrir“ (bls. 57). Kjörforeldrarnir eru þá hræddir um að hlutir sem þeir segi varðandi kjörbarnið geti valdið misskilningi hjá þeim sem þeir ræða við hafi viðkomandi ekki reynslu af uppeldi ættleidds barns. Þá er gott fyrir kjörforeldra að setja sig í samband við aðrar kjörfjölskyldur sem hafa gengið í gegnum það sama hvað varðar ættleiðingu. Ef eitthvað er ekki í lagi hjá kjörbarninu vilja margir kenna ættleiðingunni um og reynslu kjörforeldranna í gegnum þá sérstöðu að ala upp ættleitt barn. Sérstaða kjörforeldra er einnig sú að börn þeirra hafa mörg hver orðið fyrir skaða á fyrstu æviárum sínum og eiga því hugsanlega erfiðara með að mynda tengsl við umönnunaraðila sinn. Sá skaði sem þessi börn hafa orðið fyrir og heftir þau getur legið þungt á kjörforeldrum þeirra því þeir reyna eftir fremsta megni að bæta þeim upp þennan skaða. Þá ber að nefna að tengslamyndun milli kjörforeldra og kjörbarna er mun flóknara og viðkvæmara ferli en á milli foreldra og blóðskyldra barna þeirra. Ef kjörforeldrar eru í sambandi við aðrar kjörfjölskyldur getur það reynst þeim mikill stuðningur, sérstaklega þegar börnin eru að alast upp, en sú reynsla sem komin er á slíkt fyrirkomulag hefur verið jákvæð (Carli og Dalen, 2003; Valgerður Baldursdóttir, 2001).

Ef þörf er fyrir kjörforeldra að fá frekari aðstoð þá geta þeir leitað til fagfólks sem getur veitt þeim frekari ráðgjöf. Fyrir fagfólk er nauðsynlegt að koma foreldum í skilning um að beiðni þeirra um stuðning sýnir ekki fram á vankunnáttu þeirra sem umönnunaraðila né hjálparleysi heldur er ósk þeirra eftir stuðningi merki um ábyrgð. Markmiðið er að auka færni foreldra sem umönnunaraðila en ekki að draga úr þeim (Steinunn Bergmann, 2010).

9.2. Helstu vandamál sem kjörforeldrar glíma við hvað varðar kjörbarn þeirra

Barn sem gefið er til ættleiðingar upplifir gjarnan sorg yfir því að missa blóðforeldra sína og á oft erfitt með að vinna úr þeim tilfinningum. Barnið tekur þá oft upp á því að ögra kjörforeldrum sínum en þeir geta átt erfitt með að vinna úr þessum aðstæðum og vita oft ekki hvernig á að halda utanum tengslamyndun þeirra við barnið samhliða því að taka á hegðunarvanda þess (Carli og Dalen, 2003; Valgerður Baldursdóttir, 2009). Sæunn Kjartansdóttir (2009) lýsir tengslakenningu á þá leið: „Tengsl afkvæmis við foreldri, hjá mönnum og dýrum, eru knúin áfram af eðlislægri hvöt til að bindast lífveru sem veitir því öryggi, umönnun og vernd” (bls. 67). Í fyrstu er barn líklegra til að mynda tengsl við móður sína og svo við þann aðila sem stendur því næst í umönnunarhlutverkinu. Tengsl við móður eru á þann veg að barnið finnur til óöryggis ef móðir þess fer frá því en til öryggis ef hún er nálægt því. Þá er talið að fyrstu tengsl séu mikilvæg sökum þess að þau próast hvað mest þegar heili barns er í mótun og barnið er ósjálfbjarga og þá er sífellt verið að viðhalda tengslamynduninni þar sem barnið elst upp með sömu foreldrum og mynduðu tengslin til þess að byrja með (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Þegar kemur að sérstöðu á tengslamyndun á milli kjörbarns og kjörforeldra er það sorgin sem er sameiginlegur undirtónn hjá báðum aðilum. Kjörbarnið hefur glatað þeirri reynslu að alast upp hjá blóðforeldrum sínum sem það kannski myndaði framtengsl við á meðan kjörforeldrar fá ekki að eignast barn sem er þeim blóðskyld. Bæði kjörforeldrarnir og kjörbarnið verða að geta unnið úr þessari sorg sem getur brotist út hvenær sem er á lífsleiðinni. Fyrir kjörforeldra er það mikilvægt að þeir hugi sem fyrst að þessum sorgartilfinningum, séu þær til staðar, þar sem þær geta haft áhrif á tengslamyndun við kjörbarnið. Skert tengslamyndun kjörforeldra við kjörbarnið getur haft áhrif á viðhorf þeirra til barnsins og hvernig uppeldisaðferð þeir ákveða að notast við sem uppalendur. Þá getur tilfinningalegt ójafnvægi vegna þeirrar sorgar sem kjörforeldrarnir og kjörbarnið upplifa orðið til þess að allir aðilar forðist að mynda nálægð hver við annan þar sem þeir eru að reyna að fyrirbyggja að verða aftur fyrir hugsanlegum missi. Kjörforeldrarnir glötuðu draumnum um að eignast blóðskyld barn og kjörbarnið missti af því að alast upp með blóðforeldrum sínum (Valgerður Baldursdóttir, 2001).

Það kjörbarn sem gerir miklar kröfur til kjörforeldra sinna er barn sem hefur átt slæma fortíð. Í slíkum tilfellum þurfa kjörforeldrar á stuðningi að halda og leita oft til fagaðila til að fá leiðbeiningar um það hvernig best sé að vinna úr þeim aðstæðum sem skapast hafa. Þeir þurfa leiðbeiningar um hvernig stuðla skuli að góðum samskiptum við barnið og hvernig taka skuli á þeim vandamálum sem upp geta komið. Dæmi um vandamál sem kjörforeldrar leita eftir aðstoð við að leysa geta til dæmis verið hvernig takast skal á við svefntruflanir hjá barninu, hungur, skapofsa og reiðiköst. Önnur hegðun sem kjörbarn getur sýnt er andúð þess á líkamlegri snertingu en slík hegðun getur reynst mjög erfið fyrir kjörforeldrana og þá er gott að þeir hafi aðgang að fagaðstoð og fái ráðleggingar og uppörvun til þess að hjálpa þeim í gegnum þetta tímabil í uppeldinu. Þá er mikilvægt fyrir fagfólk að koma þeim skilaboðum til kjörforeldra að nauðsynlegt sé að gefa kjörbarninu tíma til að átta sig á aðstæðum og þroskast. Kjörfjölskyldur komast yfirleitt í gegnum slíka erfiðleika að lokum og kjörforeldrar eiga að treysta eigin viðbrögðum og tilfinningum hvað varðar kjörbarn þeirra (Carli og Dalen, 2003).

Rannsókn var gerð í Bandaríkjunum þar sem tekin voru djúp viðtöl við 500 kjörfjölskyldur en rannsókninni var ætlað að sýna fram á mikilvægi stuðnings við kjörforeldra eftir að kjörbarnið var komið til þeirra. Þar sem ættleiðingarferlinu er öðruvísi háttað þarlendis en á Íslandi verður ekki farið djúpt í rannsóknina en það sem skiptir einna helst máli var sú niðurstaða rannsóknarinnar að stuðningur við kjörforeldrar reyndist mjög mikilvægur. Þegar kjörfjölskyldurnar voru beðnar um að segja til um hvers konar stuðningur hafi reynst þeim best kom í ljós að sá stuðningur sem reyndist þeim sem hjálplegastur var að hitta aðra kjörforeldra. Kjörforeldrarnir fundu fyrir stuðningi frá öðrum kjörforeldrum sem upplifðu svipaða hluti hvað varðaði ættleiðinguna og gátu þar af leiðandi rætt saman um þau málefni sem þeim fannst skipta mestu máli. Þá sýndu niðurstöður að kjörforeldrar þurfa á stuðning að halda löngu eftir að kjörbarnið kemur til þeirra og má þá ekki vera langt fyrir kjörforeldrana að ferðast til þess að sækja þann stuðning sem í boði er. Þá kom einnig í ljós að þó að andlegur stuðningur væri mikilvægur þá fannst kjörforeldrum einnig mikilvægt að hafa góða þekkingu á því hvernig þeir gætu þroskast sem foreldrar og hvert hægt væri að leita til að fá þá aðstoð sem kjörbarn þeirra gæti þurft á að halda, kæmu upp einhver vandamál, sérstaklega hvað varðar kjörbarn með sérþarfir (Atkinson og Gonet, 2007).

Í lífi barns, hvort sem um er að ræða kjörbarn eða ekki, er enginn sem skiptir meira máli en foreldrarnir. Börn eru mjög margbreytileg og foreldrar verða að átta sig á að þeir geta aldrei ákveðið hvers konar einstaklingar þau verða er þau vaxa úr grasi. Hlutverk foreldra er að mæta þörfum

barnsins með því að búa til skilyrði í lífi þess sem gerir barninu kleift að blómstra og dafna til hins ýtrasta. Með öryggi, virðingu, aga og áhuga skal móta þessi skilyrði allt eftir þroska og aldri barnsins. Aðaláherslan er að foreldrar geri sitt besta til að framfylgja þessum skilyrðum sem þau setja sér og barninu (Sæunn Kjartansdóttir, 2009).

9.3. Hvert getur kjörfjölskyldan leitað eftir stuðningi og aðstoð

Hægt er að fá faglega aðstoð á mismunandi sviðum allt eftir því hvers konar aðstoðar þörf er á fyrir kjörbarn og kjörforeldra. Heilsugæslustöðvar hafa þekkingu á líkamlegu heilbrigði barna en þar eru meðal annars læknar sem hægt er að ráðfæra sig við. Starfsfólk heilsugæslustöðvanna er oft ekki undir það búið að taka á þeim málum sem kjörfjölskyldur standa frammi fyrir en það getur þá leiðbeint kjörforeldrunum hver skal leita eftir frekari sérfræðipækkingu. Grunnskólar og leikskólar bjóða upp á sálfræði- og uppeldisþjónustu þar sem ekki eingöngu er veitt þjónusta fyrir barnið og foreldrana heldur einnig fyrir starfsmennina sem þar starfa ef um er að ræða námsörðugleika, vanlíðan eða hegðunarvandamál hjá barninu innan skólastarfsins. Ef slík skólaþjónusta getur ekki veitt kjörbarni þá aðstoð sem þörf er á þá getur hún, eins og heilsugæslan, bent kjörforeldrunum á hvert hægt sé að leita eftir aðstoð. Að lokum getur kjörfjölskyldan leitað til barna- og unglingageðdeildar sem getur veitt hjálp í formi viðtala eða meðferðar allt eftir eðli vandamálsins. Þar er hægt að fá aðstoð fyrir barnið fram til 18 ára aldurs. Kjörforeldrar mega ekki vera feimnir við að ræða um ættleiðinguna af hreinskilni eða leita eftir hjálp þegar nauðsynlegt er að fá fagaðila til aðstoðar. Kjörforeldrar þurfa að vera opnir fyrir því að læra af reynslunni og fá aðstoð við að takast á við óvæntar upptakomur í uppeldi kjörbarns síns til að geta orðið að sterkri fjölskyldueiningu (Carli og Dalen, 2003).

Hjá Íslenskri ættleiðingu er kjörforeldrum boðið upp á námskeið sem nefnist PAS (e. Post adoption services) sem er ætlað foreldrum sem þurfa á frekari stuðningi að halda eftir að barnið er komið heim. PAS er ætlað að koma til móts við foreldrana á félagslegan eða faglegan hátt til að aðstoða þá við að aðlagast nýrri fjölskyldueiningu. Þá getur barnið einnig verið þátttakandi sem og fleiri fjölskyldumeðlimir, óski þeir eftir því. Þjónustan er útfærð á marga vegu og er meðal annars í formi foreldrastarfs, fyrirlestra, útgáfu fræðsluerinda og reksturs bókasafns sem er í höndum félagsins. Tilgangurinn með þjónustunni er að sýna félagsmönnum stuðning í þeim erfiðleikum sem þeir ganga í gegn um (PAS nefndin, 2007).

Á Norðurlöndunum er mun algengara að ábyrgð, ráðgjöf og þjónusta við kjörforeldra eftir komu kjörbarns sé í höndum stjórnvalda. Á Íslandi eru stuðningsúrræðin aðallega í höndum Íslenskrar ættleiðingar sem er eina löggilda ættleiðingarfélagið hér á landi (Hrefna Friðriksdóttir).

9.4. Tilraunaverkefni í Danmörku um stuðning við kjörforeldra

Í Danmörku var sett af stað fjögurra ára tilraunaverkefni sem stóð frá árinu 2007 til ársins 2010. Tilraunaverkefnið fól í sér að veita kjörforeldrum sem fengið höfðu kjörbarn sálfræðilega þjónustu í þrjú ár þeim að kostnaðarlausu en 25% kjörforeldra nýttu sér þá þjónustu. Á þessu þriggja ára tímabili höfðu kjörforeldrar aðgang að sálfræðingum í allt að fimm skipti í ráðgjöf. Megin tilgangur verkefnisins var veita kjörforeldrum stuðning þegar kemur að þeim hugsanlegu vandamálum sem upp geta komið hjá kjörbarni. Þau kjörbörn sem ættleidd eru til Danmerkur eru á mismunandi aldri og hvert og eitt þeirra hefur ólíkan bakgrunn sem taka verður tillit til þegar kemur að þörfum þeirra. Sum þessara kjörbarna geta átt við erfiðleika að stríða seinna meir svo sem kvíða, hegðunarvandamál og aukna hættu á einmannaleika og sorg. Kjörbörnin geta þá átt erfiðara með að aðlagast sig að nýju umhverfi innan þess samfélags sem þau tilheyra. Verkefninu var því ætlað að styðja við bakið á kjörforeldrum til að efla þá í að taka á þessum vandamálum og kenna þeim hvernig væri hægt að fyrirbyggja neikvæðar afleiðingar ættleiðingar. Niðurstöður leiddu í ljós að þeir kjörforeldrar sem ekki nýttu sér þessa ráðgjöf eftir að þeir fengu kjörbarnið voru líklegri til þess að sækjast eftir aðstoð þegar vandamál hjá kjörbarninu var farið að gera vart við sig og þá orðið alvarlegt. Það gat þá falið í sér að kjörbarnið sýndi fram á alvarlega hegðunarörðugleika í formi þess að bíta og lemja frá sér. Þeim kjörforeldrum sem nýttu sér ráðgjöfina fannst þeir betur undir það búnir að takast á við það vandamál sem upp gat komið með betri þekkingu og innsæi. Helsti munur var þá einnig sá að þeir foreldrar sem nýttu sér ráðgjöfina leituðu aðstoðar mun fyrr fyrir kjörbörnin eða á byrjunarstigi hegðunarvandans (Famlistyrelsen, 2009).

Mælt hefur verið með því að þessi þjónusta sem boðið er upp á í Danmörku verði einnig í boði í Finnlandi og Noregi en þar er einnig áheyrsla á að stuðningur við kjörforeldra sé í höndum stjórnvalda. Það er þá einnig til þess gert að kjörforeldrar geti allir notið þjónustunnar óháð búsetu þeirra (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

10. Hlutverk félagsráðgjafa

Félagsráðgjafar læra í námi sínu og starfi að beita heildarsýn þegar kemur að því að nálgast viðfangsefnið sitt. Sú sýn sem liggur að baki þeirrar hugmyndafræði er að einstaklingar eru allir sérstakir, margbreytilegir og hver ólíkur öðrum og athuga þarf umhverfi hvers fyrir sig. Hér er átt við að félagsráðgjafi athugi aðstæður einstaklings frá öllum sjónarhornum svo sem vinum, fjölskyldu, starfsfélögum og samfélaginu í heild sinni. Þá er gerð sú krafa á félagsráðgjafa að þeir séu vel kunnugir á mörgum sviðum samfélagsins og viti hvaða úrræði þar er að finna. Þá verða félagsráðgjafar að þekkja til þeirra kenninga sem til staðar eru um mannlega hegðun og geta greint á milli þess hvernig umhverfið og manneskur hafa áhrif á hvort annað. Félagsráðgjafar leggja þá mikla áheyrslu á þátttöku í samtökum sem bæði geta verið af pólitískum eða félagslegum toga til þess að geta haft áhrif á stefnumörkun í samfélaginu. Þessi áheyrsla er tilkomin vegna hugmyndafræðinnar um félagslegt réttlæti og mannréttindi. Það að setja heildarsýn á nálgun viðfangsefnis félagsráðgjafa á ekki eingöngu við um starfsstéttina hér á Íslandi heldur er því svo farið um allan heim (Lára Björnsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafar hafa sett sér siðareglur og eru þær 20 talsins. Þær koma inn á frumskyldur, ábyrgðar- og hæfnisskyldur, félagslegar skyldur og systur/bróðurlegar skyldur. Í siðareglunum er fjallað um tilgang þeirra: „Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar sem þau eiga sér stað” (Landlæknisembættið, 2008). Meðal frumskyldna félagsráðgjafa er að gæta trúnaðar, upplýsa skjólstæðing um þau úrræði sem í boði eru og að koma fram við skjólstæðing sinn af virðingu og heiðarleika. Innan ábyrgðar- og hæfnisskyldna ber félagsráðgjafa að fara eftir því sem samviska og sannfæring hans segir til um en hann má ekki mæta undir áhrifum fíkniefna eða áfengis til vinnu þar sem hann ber ábyrgð á því starfi sem hann stundar. Undir félagslegar skyldur fellur að félagsráðgjafa ber að miðla þekkingu sinni til annarra innan starfstéttarinnar og þeirra sem málin varða, stuðla að því að skapa traust fólks á starfsstéttinni, kynna þá starf sitt með þeim hætti sem honum ber og vera meðvitaður um markmið þess verkefnis sem hann tekur af sér. Að lokum eru það systur/bróðurlegar skyldur þar sem fram kemur meðal annars að félagsráðgjafa ber að tilkynna ef hann verður uppvís af broti annars fagaðila í starfi, honum ber að virða aðra starfsfélaga og félagsráðgjafi má ekki koma óorði á starfsstéttina með ófaglegum vinnubrögðum (Landlæknisembættið, 2008).

10.1. Félagsráðgjafinn og aðstoð hans við einstaklinga eða þar hvað varðar ófrjósemi og ættleiðingar.

Þegar einstaklingur fær þær fréttir að hann geti ekki eignast barn þá getur það verið hlutverk félagsráðgjafa sem starfar innan heilbrigðisstéttarinnar að styðja við einstaklinginn eða parið og aðstoða við að vinna úr áfallinu sem fylgir í kjölfar þess að fá vitneskju um ófrjósemi. Domar, Zuttermeister og Friedman (1993) gerðu rannsókn í þeim tilgangi að bera saman sálræn einkenni á ófrjóum konum og konum sem eru með önnur langvarandi sjúkdómseinkenni og sýndi rannsóknin fram á að ófrjóar konur standa jafnvígar þeim konum sem berjast til dæmis við krabbamein hvað andlega líðan varðar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu einnig í ljós að þau sálrænu einkenni sem geta komið fram hjá konum sem greinast ófrjóar eru svipuð og hjá þeim sem greinast með annan alvarlegan sjúkdóm. Þá mæla rannsakendur með því að sá sálræni stuðningur sem í boði er fyrir þær konur sem greinast með alvarlegan sjúkdóm eigi einnig að standa þeim til boða sem greinast ófrjóar. Mikilvægt er að félagsráðgjafi sem veitir pari stuðning vegna ófrjósemi sé vel að sér í hjóna- og fjölskyldumeðferð og sé til þess fallinn að mæta þörfum þeirra með samhygð. Parið eða annar einstaklingurinn innan þess getur farið í vörn vegna áfallsins sem fylgir nýfenginni vitneskju um ófrjósemi og þá er mikilvægt að félagsráðgjafinn aðstoði aðilann svo hann festist ekki í þessum varnarviðbrögðum til lengdar. Félagsráðgjafinn er þá einnig til staðar til að aðstoða parið við að finna hverjar þeirra innri bjargir eru en misjafnt er hvernig hver og einn tekur á því að vinna úr þeirri andlegu kreppu sem fylgir ófrjósemi (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafi sem vinnur á heilbrigðissviði hefur ákveðna grunnþekkingu á einstaklingnum sem þroska- og tilfinningaveru sem og samfélaginu og þeim hefðbundnu leiðum jafnt og óbeinum sem þar er að finna (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Ef félagsráðgjafi hefur hvorki reynslu né þekkingu á því áfalli sem viðkomandi glímir við í kjölfar barnsleysis þá á hann að geta leiðbeint honum um hvert hann getur snúið sér til þess að fá þá aðstoð sem þörf er á.

Eins og áður hefur komið fram setti Lene Kamm saman kennsluefnið sem er kennt á undirbúningsnámskeiðum en hún leggur áherslu á að þeir félagsráðgjafar sem koma að umsögn um umsækjendur sem eru að sækja um forsamþykki séu mjög nákvæmir við gerð hennar. Þeir verða að gæta hlutleysis, vera lausir við fordóma og hafa gott innsæi þegar kemur að því að meta umsækjendur. Þá verða þeir að geta myndað sér sjálfstæða skoðun á því hvor umsækjendur séu hæfir til að ala upp barn en margir einstaklingar geta haft mjög sannfærandi persónuleika sem getur haft áhrif á félagsráðgjafa. Ef einhver vafi leikur á um hæfni umsækjanda sem krefst frekara mats sérfræðings á öðru sviði þá ber félagsráðgjafa að óska eftir greinargerð frá þeim sérfræðingi eftir

athugun hans og taka fram sérstaklega hvað í fari umsækjenda þarfnast nánari athugunar (Íslensk ættleiðing, 2007).

Innan Barnaverndar eru starfandi félagsráðgjafar sem eru til staðar fyrir kjörforeldrana óski þeir eftir því en Barnaverndarnefnd ber að aðstoða kjörforeldra þegar kemur að því að segja kjörbarninu frá því að það sé ættleitt sbr. 26. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/1999. Jafnframt er þess getið í málsgreininni að kjörforeldrar hafi til sex ára aldurs kjörbarnsins til þess að upplýsa það um ættleiðingu þess en þó fari það einnig eftir þroska barnsins.

11. Umræða

Að stofna til fjölskyldu með maka er ákvörðun sem þar tekur í flestum tilfellum sameiginlega en þó vottar gjarnan fyrir þrýstingi frá samfélaginu og stórfjölskyldu. Þegar parið fer að reyna við getnað og þungun hefur ekki átt sér stað innan árs fara viðvörunarljós að blikka. 15% þara fá þann dóm að þau séu ófrjó og með því er draumur þeirra um að eignast blóðskylt barn orðinn að engu. Fyrir suma hverja getur áfallið sem fylgir því að vera greindur ófrjór valdið mikilli sorg og oft þurfa þessir aðilar á fagaðstoð að halda til þess að vinna sig úr þeim tilfinningum sem upp koma í kjölfarið. Fyrst þá getur parið tekið meðvitaða ákvörðun um hvort að það sé reiðubúið til þess að ættleiða erlent barn og ganga í gegnum það langa og stranga ferli sem því fylgir.

Ef þar óskar eftir því að ættleiða barn erlendis frá þá hefst ættleiðingarferlið á því að skila þarf inn umsókn þar sem allar umbeðnar upplýsingar verða að fylgja með en það eru upplýsingar sem snúa að umsækjendum og segja til um það hvort þeir uppfylla þær kröfur sem íslensk lög og reglugerðir setja. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 25 ára en yngri en 45 ára, fjárhagslega vel staddir og vera vel á sig komnir bæði líkamlega og andlega. Uppfylli umsækjendur fyrsta skrefið í ættleiðingarferlinu þá er komið af því að fara á undirbúningsnámskeið sem er skylda fyrir alla sem sækja um alþjóða ættleiðingar. Undirbúningsnámskeiðin eru haldin af félaginu Íslenskri ættleiðingu og er ætlað að styðja umsækjendur og fræða þá um umönnun og uppeldi kjörbarns og ferli ættleiðingar.

Markmið með námskeiðunum er að aðstoða umsækjendur við að taka vel ígrundaða ákvörðun um hvort að þeir séu tilbúnir til að takast á við það að ættleiða erlent barn því uppeldi þess er gjörólíkt því að ala upp blóðskylt barn. Það er sökum þeirra sérstöðu sem kjörbarnið hefur þar sem stutt lífsreynsla þess byggir á sorg meðal annars yfir því að það mun aldrei alast upp hjá blóðforeldrum sínum. Undirbúningsnámskeiðið er eini undirbúningurinn og úrræðið sem til staðar er fyrir væntanlega kjörforeldra á Íslandi. Undirbúningsnámskeiðið hjálpar umsækjendum að vinna með andlegu hliðina og líðan þeirra þegar þeim var tilkynnt að þau myndu aldrei geta eignast blóðskylt barn og hvort að þeir séu búnir að syrgja þann draum. Ef þeir gera það ekki áður en kjörbarn kemur til þeirra getur það haft áhrif seinna meir á tengslamyndun á milli þeirra og kjörbarnsins. Námskeiðið kennir væntanlegum kjörforeldrum á allar hliðar ættleiðingarferlisins og hvaða áhrif ættleiðingin hefur á kjörbarnið. Eftir að námskeiði lýkur þá er ekki mikill stuðningur fyrir væntanlega kjörforeldra á meðan þeir bíða eftir tilkynningu um að kjörbarni bíði þeirra. Helsti stuðningurinn er þá í formi þess að umsækjendur haldi sambandi sín á milli að námskeiði loknu og styðji við hver við annan þar til að tilkynning berst um kjörbarn.

Ekki er vitað til þess að gerð hafi verið rannsókn á Íslandi um stuðning fyrir væntanlega kjörforeldra en þá má áætla að þeir sem eiga blóðskyld börn geri sér ekki grein fyrir hversu átakanleg biðin eftir kjörbarni getur reynst væntanlegum kjörforeldrum. Þeir sem eignast blóðskyld börn vita að meðgangan tekur níu mánuði og þá er barnið fætt en kjörforeldrar vita ekki hvort þeir þurfa að bíða eftir kjörbarni í tvö ár, fjögur ár eða lengur. Auka þyrfti stuðning og úrræði til væntanlegra kjörforeldra á meðan þeir bíða eftir kjörbarni en eins og á Norðurlöndunum þá er ekki markviss stuðningur til staðar eftir að undirbúningsnámskeiðunum lýkur svo vitað sé til.

Undirbúningsnámskeiðin fyrir umsækjendur eru mjög svipuð á Norðurlöndunum en á Íslandi eru þau byggð upp að danskri fyrirmynd og má þá nefna að Noregur vill skylda námskeiðin fyrir umsækjendur og byggja þau enn frekar upp eftir fyrirkomulagi Dana. Þar sem námskeiðin eru ekki skylda á öllum Norðurlöndunum þá eru ekki allir umsækjendur jafn vel undirbúnir fyrir þær sértæku þarfir sem ættleidd börn hafa. Rannsókn hefur leitt það í ljós að þeir kjörforeldrar sem þekkja áhættueinkenni hjá kjörbörnum leita mun fyrr eftir aðstoð heldur en þeir sem ekki þekkja til. Þeir foreldrar sem ekki hafa sótt undirbúningsnámskeið leita fremur eftir aðstoð fagaðila þegar vandmál kjörbarnsins eru orðin mun viðameiri og afgerandi.

Þegar kemur að stuðningi við kjörforeldra eftir að kjörbarnið eru komið til þeirra þá er um ýmsan stuðning að ræða allt eftir eðli málsins en enginn stuðningur er sérstaklega eyrnamerkur ættleiddum börnum. Ef vandamál koma upp hjá kjörbarninu þá fer það eftir eðli vandamálsins sem kjörbarnið glímir við hvert skal leita. Íslensk ættleiðing býður kjörforeldrum upp á stuðning með þjónustu sem nefnist PAS (e. post adoption services) en þar geta kjörforeldrar fengið félagslegan eða faglegan stuðning. Sá stuðningur getur verið í formi fyrirlestra, aðgangs að bókum eða með foreldrastarfi sem er ætlað að aðstoða þá við að koma nýrri fjölskyldueiningu á sem besta veg. Á Norðurlöndunum er slík þjónusta nánast alfarið á ábyrgð stjórnvalda sem eiga að halda utan um stuðning og úrræði fyrir kjörforeldra. Rannsókn sem gerð var í Danmörku á kjörforeldrum sem nýttu sér slíka þjónustu í þrjú ár eftir að kjörbarn kom til þeirra sýndi fram á að sá stuðningur var þeim gríðarlega mikilvægur. Þeir töldu sig betur undir það búna að takast á við vandamál ef slíkt kæmi upp hjá kjörbarninu enda voru þeir þá líklegri til þess að þekkja upphafseinkennin fremur en kjörforeldrar sem leituðu sér aðstoðar þegar vandamál hjá kjörbarninu þeirra var orðið mun alvarlegra. Slíkt ætti að vera í boði fyrir íslenskar kjörfjölskyldur þar sem hægt væri að aðstoða þær markvisst við að takast á við þær breytingar sem eiga sér stað með nýrri fjölskyldueiningu. Það ætti þá að vera í höndum stjórnvalda að bjóða upp á slíkt fyrirkomulag þar sem fagfólk kæmi að greiningu vandamála hjá kjörbarni eða kjörforeldrum. Það gæti þá verið í höndum félagsráðgjafa að

halda utan um kjörfjölskyldurnar þar sem hann vinnur ávallt með heildarsýn að leiðarljósi og gæti þá unnið í samstarfi við aðra fagaðila. Aðkoma félagsráðgjafa í ættleiðingarmálum er einna helst að aðstoða kjörforeldra við að segja kjörbarni þeirra að það sé ættleitt, óski kjörforeldrarnir eftir aðstoð hans. Þá getur félagsráðgjafi einnig komið að gerð umsagnar sem er ein af forsendum forsamþykkis. Þá aðstoðar félagsráðgjafi aðila sem hefur verið tilkynnt að þeir geti ekki eignast barn á náttúrulegan hátt í að takast á við þá sorg sem þeim upplýsingum fylgir og er það þá félagsráðgjafi á heilbrigðissviði sem kemur þar við sögu.

Ísland á mikið af faglærðu fólki sem getur komið við sögu í ættleiðingarmálum og ætti það að vera liður í ættleiðingarferlinu að halda utan um alla umsækjendur þar til þeir telja sig ekki þurfa á frekari aðstoð að halda. Íslensk ættleiðing vinnur frábært starf með kjörfjölskyldum en áheyrslan er fyrst og fremst á tímabilið eftir að kjörbarnið er komið til Íslands. Auka þarf stuðning fyrir væntanlega kjörforeldra þar sem þeir hafa margir hverjir upplifað mikið áfall eftir að hafa verið greindir ófrjóir og að þurfa svo að bíða í mörg ár eftir að sjá draum sinn um fjölskyldu verða að veruleika. Þá ber að nefna að við vinnu þessarar ritgerðar var mjög erfitt að finna heimildir um undirbúningsnámskeiðin og stuðning við væntanlega kjörforeldra. Það gefur til kynna að um mjög takmarkaða þjónustu sé að ræða og mætti því vekja upp slíka umræðu í samfélaginu til þess að styrkja málefnið og huga betur að þeim umsækjendum sem þrá ekkert heitar en að eignast barn og stofna til fjölskyldu. Undirbúningur og stuðningur við kjörfjölskyldur fyrir og eftir ættleiðingu getur aðeins leitt til jákvæðrar útkomu þar sem um er að ræða ánægjulega sameiningu nýrrar fjölskyldueiningar þar sem draumur kjörforeldra um kjörbarns rætist og kjörbarn eignast kjörforeldra sem þrá ekkert heitar en að veita því ást og hlýju og sjá því fyrir þeirri umönnun sem það þarfnast.

Heimildir

- ART Medica. (e.d.-a). *Barnleysi- meðferð með tækniþróvgun*. Sótt 25. nóvember 2011 af <http://www.artmedica.is/doc/131/Barnlaus.pdf>.
- ART Medica. (e.d.-b). *Forsíða*. Sótt 26. nóvember 2011 af <http://www.artmedica.is/>.
- Atkinson, A. og Gonet, P. (2007). Strengthening adoption practice, listening to adoptive families. *Child Welfare*, 86, 87-104). Sótt 21. nóvember 2011 af <http://search.proquest.com/docview/213808187/fulltextPDF/133613E46CD2C151EBB/1?accountid=27513>.
- Bjarni Reynarsson. (2004, febrúar). Heimili, húsagerðir og flutningar. *Fasteignablaðið*. Sótt 23. nóvember 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=779946.
- Carli, A og Dalen, M. (2003). *Kjörfjölskyldan* (Gerður Guðmundsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir þýddu). Reykjavík: Íslensk ættleiðing.
- Domar, A.D, Zuttermeister, P.C. og Friedman, R. (1993). The psychological impact og infertility: A comparison with patients with other medical conditions. *Journal of Psychosomatic Obstetrics Gynaecology*, 14, 45-52. Sótt 27. nóvember 2011 af <http://www.massgeneral.org/bhi/assets/pdfs/publications/Domar%201993%20J%20Psychosom%20Obstet%20Gynaecol.pdf>.
- Familiestyrelsen. (2009, september). *Evalueringen af PAS-rådgining: Foreløbige resultater*. Sótt 27. nóvember 2011 af http://www.danadopt.dk/Files/Filer/PAS_resumé_af_rapport_pdf.pdf.
- Familiestyrelsen. (2011). *Vejledning om adoption: Læsevenlig udgave af vejledning nr. 9770 af 30. september 2009*. Sótt 27. nóvember 2011 af http://www.familiestyrelsen.dk/fileadmin/user_upload/Adoption/Laesevenlig_udgave_af_vejledning_om_adoption.pdf.
- Familiestyrelsen. (e.d.). *Det adoptionsforberedende kursus*. Sótt 27. nóvember 2011 af http://www.familiestyrelsen.dk/boern/adoption/fremmedadoption/detadoptionsforberedende_kursus/.
- Hagstofa Íslands. (2008). *Ættleiðingar 1990-2007. Hagtíðindi*, 2-12. Sótt 27. nóvember 2011 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=8739>.
- Hague Conference on Private International Law. (2008). *The implementation and operation of The 1993 Hague intercountry adoption convention: Guide to good practice*. Sótt 20. nóvember af http://www.hcch.net/upload/adoguide_e.pdf.
- Helga Sól Ólafsdóttir. (2006). Ófrjósemi- lausnir og lífsgæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagssráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 211-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna-og fjölskylduvernd (RBF).

- Holland, S. (2004). *Child and family assessment in social work practice*. London: Sage Publications.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2010). *Ættleiðingar á Íslandi – í þágu hagsmuna barns*. Sótt 20. janúar 2011 af http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/AETTLEIDINGAR-A-ISLANDI_04.01.2010.pdf.
- Innanríkisráðuneytið. (2007). *Ættleiðingar á milli landa. Vefrit Dóms- og kirkjumálaráðuneytis*. Sótt 23. janúar 2011 af http://www.innanrikisraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_7._tbl._2007.pdf.
- Innanríkisráðuneytið. (2009). *Upplýsingar um ættleiðingar og ættleiðingarfélög*. Sótt 19. janúar 2011 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleidningar/upplýsingar/nr/6716>.
- Ingibjörg Jónsdóttir. (2007, mars). Undirbúningsnámskeið fyrir verðandi foreldra. *Ættleiðing*. Sótt 13. október 2011 af http://www.isadopt.is/Greinar/IAEvor2007_72.pdf.
- Íslensk ættleiðing. (2007). International adoption: Background of children and parents. Sótt 10. október 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?a=222>.
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-a). *Félagið*. Sótt 31. október 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=felagid>.
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-b). *Löndin*. Sótt 31. október 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=londin>.
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-c). *Ættleiðingar*. Sótt 31. október 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=aettleid>.
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-d). *Fræðsla*. Sótt 31. október 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=fraedsla>.
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-e). *Algengar spurningar*. Sótt 27 nóvember 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=spurningar>.
- Landlæknisembættið. (2008). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 9. október 2011 af <http://www.landlaeknir.is/pages/435>.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna-og fjölskylduvernd (RBF).
- Lovísa Arnarsdóttir. (2011). *Staða barna á Íslandi 2011*. Reykjavík: UNICEF.
- Lög um ættleiðingar nr. 130/1999 með áorðnum breytingum 65/2006, 69/2006, 143/2006, 51/2008, 65/2010, 162/2010 og 126/2011.
- Lög um ættleiðingarstyrki nr. 152/2006 með áorðnum breytingum 162/2010 og 126/2011.

Mörður Árnson. (2002). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Edda.

Norges offentlige utredninger. (2009). *Adopsjon- til barnets beste: En utredning om de mange ulike sidene ved adopsjon*. Sótt 27. nóvember 2011 af <http://www.regjeringen.no/pages/2248453/PDFS/NOU200920090021000DDDPDFS.pdf>.

Opper, P. (2005). Preventing heartbreak in adoption: Understanding the rights of all parties. *American Journal of Family Law*, 19, 193-209. Sótt 20. nóvember 2011 af <http://search.proquest.com/docview/275129401/fulltextPDF/13360AA96D5492EA2BF/1?accountid=27513>.

Pas nefndin. (2007, mars). PAS- Post Adoption Services. *Ættleiðing*. Sótt 13. október 2011 af http://www.isadopt.is/Greinar/IAEvor2007_72.pdf.

Reglugerð um ættleiðingar nr. 328/2005.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um ættleiðingar nr. 328/2005.

Rosenberg, M. (2011). China's one child policy: *One child policy in China designed to limit population growth*. Sótt 27. nóvember 2011 af <http://geography.about.com/od/populationgeography/a/onechild.htm>.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.

Sigrún Júlíusdóttir. (1995). Fjölskyldukenningar og rannsóknir. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), *Barnafjölskyldur: Samfélag- lífsgildi- mótun* (bls. 11-33). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf: Náin tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu- eitt sérfræðisvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-48). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna-og fjölskylduvernd (RBF).

Sigrún Júlíusdóttir. (2010). Tíminn og barnið. Um rótarask og foreldraást. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 77-88). Reykjavík: Siðfræðistofnun-Háskólaútgáfan.

Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn*. Reykjavík: Salka.

Socialstyrelsen. (2008). *Adoption: Handbok för socialtjänsten*. Sótt 28. nóvember 2011 af http://www.socialstyrelsen.se/Lists/Artikelkatalog/Attachments/8583/2008-101-5_20081015_rev.pdf.

Steinunn Bergmann. (2010). „Á misjöfnu þrífast börnin...?“. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 145-157). Reykjavík: Siðfræðistofnun-Háskólaútgáfan.

Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man. Áhrif frumberskunar á börn og fullorðna*. Reykjavík: Mál og menning.

Umboðsmaður barna. (e.d.). Stutt umfjöllun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt 26. nóvember 2011 af http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/stutt_umfjollun_um_barnasattmalann/.

Valgerður Baldursdóttir. (2001). Sérstaða ættleiddra barna af erlendum uppruna. Í Kristín Jónasdóttir (ábyrgðarmaður), *Börn af erlendum uppruna* (bls. 56-59). Reykjavík: Barnaheill.

Vinnumálastofnun. (e.d.). Ættleiðingarstyrkur. Sótt 31. október 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/aettleidingarstyrkur/>.

Watson, K. W. (1997). Book review: Family Bonds: Adoption & the Politics of Parenting. *Child Welfare*, 76, 463-466. Sótt 23. nóvember 2011 af <http://search.proquest.com/docview/213804824/1335C8932EB3284792E/1?accountid=27513>

Þingskjal 939. (1998-1999). Tillaga til þingsályktunar um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. *Alþingistíðindi A-deild*, 123, 572.

Ættleiðing.is (2006). *Ættleiðingar fluttar frá ráðuneyti til sýslumanns úti á landi*. Sótt 27. desember 2011 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=344&Itemid=43.

Ættleiðing.is. (e.d.-a). *Löndin*. Sótt 31. október 2011 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&view=article&id=70&Itemid=315.

Ættleiðing.is. (e.d.-b). *Ættleidd börn*. Sótt 31. október 2011 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&view=article&id=94&Itemid=320.